

Er þakklæti
efst í huga



Hörmuleg
ágústlok 1997



Hugsum í framtíð

Góð byrjun á
hjólatúrnum



Tímamót > 18

Lífið > 24

FRÉTTABLAÐIÐ

196. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 31. ÁGÚST 2022



Kvinnalandslið Íslands æfir nú í Miðgarði, knattspyrnuhúsi Garðabæjar, vegna landsleiks liðsins við Hvíta-Rússland sem fram fer á Laugardalsvelli á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Feðgarnir með stöðu sakbornings

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Feðgar í manndraps-
málinu á Blönduósi eru báðir með
stöðu sakbornings. Þetta staðfestir
Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri
á Norðurlandi eystra.



Skýrsla var tekin af Kára í fyrradag.

Skýrsla var tekin af Kára Kárasyni,
sem varð fyrir skoti, í fyrradag. Kári
missti eiginkonu sína, Evu Hrund
Pétursdóttur íðjubjálfa í árásinni.
Hefur verið talið að sonur þeirra,
gestkomandi á heimilinu, ætti þátt
í dauða byssumannsins. ■

Námmsgögn gjarnan dýr og fjöldi nemenda er í vinnu

Skólastjórnendur framhalds-
skóla eru ekki á einu máli
um hvort tekjutengt jafnrétti
ríki til náms. Kostnaður við
bækur og tæki er mikill.

ninarichter@frettabladid.is

MENNTUN Kostnaður framhalds-
skólanema að hausti getur hlaupið
á hundruðum þúsunda króna sé
bóka- og tækjakostnaður tekinn til
greina. Stjórnendur framhaldsskóla
sem Fréttablaðið ræddi við, eru ekki
á einu máli um hvort tekjutengt jafn-
rétti ríki til náms og hvort tekjur
heimilanna hafi áhrif á námsár-
angur eða aðgengi að náminu. Nýleg
skýrsla bendir til þess að menntun
foreldra og bakgrunnur hafi beinni



Það koma reglulega
upp tilfelli þar sem
nemendur hætta í
námi eða þurfa að
minnka við sig vegna
vinnu.

Olga Lisa Garðarsdóttir,
skólameistari FSU

áhrif á námsárangur en tekjutengdir
þættir.

„Það koma reglulega upp tilfelli
þar sem nemendur hætta í námi
eða þurfa að minnka við sig vegna

vinnu. Fjöldi þeirra sem nefna vinnu
sem aðalástæðu brotthvarfs úr námi
hefur verið á bilinu þrjú til sjö á
hverri önn,“ segir Olga Lisa Garðars-
dóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla
Suðurlands. „Það er nokkuð víst að
skólinn veit ekki um alla sem þyrftu
fjárhagsaðstoð. Best væri þó ef allir
sætu við sama borð og námsgögn
væru kostuð af ríkinu,“ segir hún.

„Ég finn alls ekki fyrir stéttaskipt-
ingu innan skólans og við verðum
ekki vör við mikið brottfall vegna
vinnu nemenda,“ segir Sólveig Guð-
rún Hannesdóttir, rektor Mennta-
skólans í Reykjavík.

Sólveig segir flesta eldri nema
stunda vinnu. „Ég held að tækifæri
til náms á framhaldsskólastigi séu
nokkuð jöfn í landinu.“ SJÁ SIÐU 6

Eyris Vöxtur fjárfestir í Justikal

MARKAÐURINN Eyris Vöxtur hefur
fjárfest fyrir 400 milljónir króna í
íslenska nýsköpunarfyrirtækinu
Justikal, sem hefur þróað hugbún-
aðarlausn sem gerir lögmönnum og
öðrum aðilum kleift að senda gögn
rafrænt til dómstóla.

Sparnaður fyrir íslenskt samfélag
með notkun lausnar Justikal getur
verið gríðarlegur, eða um það bil 3,3
milljarðar á ári.

Einnig getur þessi lausn gert dóm-
stóla aðgengilegri fyrir tekjulægri
aðila.

Þessi fjárhagslega innspýting
verður notuð til vöruþróunar og
markaðssóknar Justikal inn á
alþjóðlega markaði og hyggst fyrir-
tækið byggja upp alþjóðlegt sölu- og
markaðsteymi.

Eyris Vöxtur er sjóður undir hatti
Eyris Invest sem er lykilhluðhafi í
Marel. SJÁ SIÐU 10

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING



Eitt verkanna sem voru á uppboði.

Hafa selt nærri þrjú hundruð verk Hótel Sögu

sigurjon@frettabladid.is

MENNING Uppboðshúsið Fold hefur staðið í ströngu við sölu á hátt í þrjú hundruð verkum í eigu Bændasamtaka Íslands sem prýddu Hótel Sögu. Fold hefur nú tvö verk eftir Leif Breiðfjörð til sölu, bæði verkin eru frá árinu 1973 og hengu í Súlnasalnum.

Annað listaverkið er metið á tæpar þrjár milljónir króna og hitt á tæpar tvær milljónir króna. Jóhann Ágúst Hansen, uppboðshaldari og framkvæmdastjóri Foldar, segir að þessi listaverk séu þau dýrustu sem seld hafa verið frá Bændasamtökunum.

„Svona er þetta, það er ekkert hægt að gera í þessu,“ segir Leifur Breiðfjörð hlējandi um söluna. „Þessi verk voru í Súlnasalnum í gamla daga, fólk dansaði undir þessu.“ ■

Hundblautt



Það rigndi eins og hellt væri úr fötu í miðborg Reykjavíkur í gærðag og dagurinn í dag á ekki að vera mikið skárrí. Í kvöld gæti þó glytt í sól. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aðgerðaleysi í máli Sigurðar Inga

benediktarnar@frettabladid.is

ALÞINGI Fimm mánuðir eru síðan Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra var kærður til forsætisnefndar fyrir brot á síðareglum Alþingis fyrir ummæli sín um Vigdís Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, í gleðskap tengdum Búnaðarþingi. Varaforseti forsætisnefndar segir ekkert hafa gerst í málinu frekar.

„Það er ekki neitt að fréttu. Þetta hreyfist ekkert hjá honum Birgi [Ármanssyni, forseta forsætisnefndar] sem er ákvarðanafælnasti maður sem ég veit um. Hann þarf alltaf að fá eitthvert annað álit,“ segir Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Hann býst ekki við að neitt gerist í málinu þangað til Alþingi kemur aftur til starfa í september.



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra

„Nei, líklega ekki, kannski verður eitthvað gert á sumarfundinum sem er í næstu viku,“ segir Björn.

Hann segir að önnur mál hafi tekið athyglina, til að mynda sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka og skipan Lilju Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, á Hörpu Þórsdóttur í embætti þjóðminjavarðar.

„Það kemur alltaf eitthvað nýtt í staðinn sem lætur alla gleyma gamla dótinu, kannski er verið að biða eftir því að enginn skipti sér á þessu,“ segir Björn. ■

Skyndileg dauðsföll eru yfir hundrað á hverju ári

Í dag verður ráðstefna Sorgarmíðstöðvar um skyndilegan missi. Fagstjóri Sorgarmíðstöðvar segir að margt þurfi að laga þegar kemur að verklagi varðandi skyndilegan missi.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er ekki samræmt verklag sem styður aðstandendur eftir skyndilegan missi. Það getur haft áhrif hvaða dagur er, í hvaða hverfi viðkomandi býr, landshluta, hvort það sé reyndur aðili á vakt eða hvort það er sumarfrí. Þetta er því miður svo handahófskennt, ósamræmt og ómarkvisst,“ segir Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, fagstjóri Sorgarmíðstöðvar, en í dag fer fram ráðstefna Sorgarmíðstöðvar um skyndilegan missi.

Skyndilegur missir snertir marga og verður á ráðstefnunni fjallað um hann frá mismunandi sjónarhornum. Af vettvangi, á vinnustöðum, frá sjónarhóli aðstandenda og í pallborðsumræðum verður þeirri spurning velt upp hvernig hægt sé að gera betur fyrir syrgjendur sem missa skyndilega.

Alma Möller landlæknir setur ráðstefnuna sem verður í sal deCODE, Sturlugötu 8, ásamt því að vera streymt en hún hefst klukkan eitt.

Guðmundur Ingi Guðbrands-son, félags- og vinnumarkaðsráðherra, mun fjalla um sorgarorlof. Anton Örn Karlsson, deildarstjóri hjá Hagstofunni, segir frá tölum og staðreyndum. Stefnir Snorrason, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, segir frá komum slökkviliðsins á vettvangi skyndilegs andláts. Rauði krossinn fjallar um sálræna hjálp og Inga Berg Gísla-



Skyndilegur missir snertir marga og verður fjallað um hann frá mismunandi sjónarhornum á ráðstefnunni sem fram fer í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Yfir hundrað á ári

Anton Örn Karlsson, deildarstjóri hjá Hagstofunni, mun ræða um tölur og staðreyndir um skyndilegan missi. Hann segir að ekki hafi áður verið teknar saman slíkar tölur.

„Við byggjum á flokkun dánarmeina og það sem við sjáum þegar við tökum aldurinn 20-64 ára er að það séu um 117-144 skyndileg andlát á ári frá 2016-2020. Karlar eru fleiri í þessum hópi. Konur eru aðeins um 25 prósent á ári.“

Anton bar saman tölur frá Svíþjóð og er Ísland með svipaðar tölur og frændur vorir. „Núna þegar þetta er birt viljum við gjarnan fá viðhorf fólks um hvort við getum gert betur.“

dóttir, verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis, fjallar um vinnustaði. Kolbeinn Elí Pétursson segir frá sinni reynslu sem aðstandandi af skyndilegum missi áður en Guðrún Jóna kynnir verkefnið Hjálpum48.

„Við viljum styðja fólk sem missir skyndilega og við viljum gera það á fyrstu 48 klukkutímum frá andláti,“ segir Guðrún Jóna um verkefnið. „Við viljum byrja smátt og hafa verkefnið vel afmarkað og að þeir sem koma að því séu allir hagsmunaaðilar því eins og staðan er núna er ekkert í boði.“

Heilsugæslan bendir á geðheilsuteymið sem bendir á Landspítalann og enn aðrir segja að prestarnir séu með þetta á sinni könnu og enn aðrir benda á aðra. Þetta er veruleikinn. Það benda allir hver á annan,“ segir hún.

Guðrún Jóna segist vera spennt fyrir komandi ráðstefnu. „Það upplifa of margir ómarkvissan stuðning eða jafnvel engan.“ ■

AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.




Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



e-tron GT

Rafmagnaður draumur.






Drægni allt að 475 km (WLTP) - 469 hestöfl - Quattro fjórhjóladrif - Hröðun 0-100 km/klst 4,1 sek



Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílaskjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/audisalur

Fylgdu okkur @audi →   



Kallas, forsætisráðherra Eistlands.

ESB mun gera Rússum erfiðara fyrir að ferðast

kristinnhaukur@frettabladid.is

EVROPA Áætlanir eru uppi innan Evrópusambandsins um að rifta samkomulagi um greiðar vegabréfsáritanir Rússa. Mun þetta gera rússneskum ferðamönnum erfiðara fyrir að komast inn á og ferðast um lönd Evrópusambandsins.

Fimm lönd, Finnland, Eystrasaltsríkin og Pólland, hafa þrýst á að hætt verði að veita Rússum vegabréfsáritanir. Hyggjast þau jafnvel hætta því sjálf þó að Evrópusambandið styðji ekki þá leið. Önnur lönd, til dæmis Þýskaland, hafa ekki viljað ganga svo langt.

Á miðvikudag verður fundað í Brussel um málið og líklegt er að farin verði nokkurs konar mála-miðlunarleið. Það er að samkomulagi ESB við Rússland frá árinu 2007 verði rift. En það var gert á sínum tíma til að liðka fyrir góðum samskiptum milli Brussel og Moskvu.

Evrópusambandið hefur þegar sett á flugbann, hafnbann og bann við vegabréfsáritunum ákveðinna fulltrúa og viðskiptajöfra. ■

Hraða byggingu íbúða fyrir fatlaða

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Þann 1. ágúst síðastliðinn voru 136 einstaklingar með fötlun á biðlista eftir að fá úthlutað húsnæði hjá Reykjavíkurborg. Af þeim eiga 22 lögheimili utan Reykjavíkur.

Borgarráð hefur samþykkt endurskoðaða uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Þannig er gert ráð fyrir hraðari uppbyggingu og styttingu biðlista.

Samkvæmt áætluninni verður Félagsbústöðum falið að byggja 20 nýja íbúðakjarna með 120 íbúðum. Áætlunin gildir til ársins 2028 en verður endurskoðuð árlega. ■

Lilja Dögg segist hafa tryggt fagmennsku

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, hafnar því alfarið að skipun Hörpu Þórsdóttur í embætti þjóðminjavarðar án auglýsingar hafi verið ólögmat.

Ákvörðun ráðherrans hefur verið harðlega gagnrýnd. Ekki liggur fyrir hvort málið bar á góma á ríkisstjórnarfundum í gær.

„Mér þykir auðvitað miður sú gagnrýni sem hefur komið og ég auðvitað tek hana til mín en þarna taldi ég að við værum klárlega að

tryggja það að fagmennskan fengi að njóta sín,“ sagði Lilja í samtali við Fréttablaðið við Ráðherra-bústaðinn í gær.

Lilja hafnar að verið sé að hverfa frá norrænu módeli og yfir í amerísk kerfi þar sem fólk er persónulega handvalið í stöður líkt og Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur heldur fram. Mikill starfslokakostnaður getur að óbreyttu hlaðist upp við stjórnarskipti að mati Hauks.

„Við erum að taka og flytja fagmanneskju úr einu safni yfir í hið næsta,“ segir Lilja um ásakana um



Þarna taldi ég að við værum klárlega að tryggja það að fagmennskan fengi að njóta sín.

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra

vonda og jafnvel ólöglega stjórnsýslu.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, segir að hann hafi aldrei skipað háttsettan embættismann með tilfærslu innan kerfis í stofnun án þess að auglýsa stöðu líkt og Lilja nýtti sér með vísan í 36. grein starfsmannalaga.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, samflokksmaður Lilju, segist sjálfur hafa nýtt sér 36. greinina. Hann sér ekkert athugasemjagert við ákvörðun Lilju. ■

Þórólfur telur aðra bylgju ólíklega en mikilvægt sé að vera við öllu búinn

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir alþjóðlegar stofnanir benda á að ekki sé útilokað að ný Covid-bylgja geti orðið þó að hann sjálfur telji það ekki líklegt. Mikilvægt sé þó að vera við öllu búinn. Sjúklingum með Covid á Landspítala fer ört fækkandi og í gær lá enginn með sjúkdóminn á gjörgæslu.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 „Alþjóðlegar stofnanir eins og Sóttvarnastofnun Evrópu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eru jafnvel að spá því að það geti komið ný bylgja og ný afbrigði, það er ekkert víst og vonandi ekki,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Hann sjálfur segist ekki telja það líklegt að ný Covid-bylgja skelli á. „Þetta er það sem þessar stofnanir eru að spá en mér finnst það frekar ólíklegt. En við þurfum að vera undir það búin að það geti gerst, láta það ekki koma okkur á óvart og bregðast við ef svo verður,“ segir Þórólfur.

Í gær lá enginn með Covid-19 á gjörgæsludeild Landspítala en fjórtán einstaklingar með sjúkdóminn voru á spítalanum. Þegar innlagnir voru flestar á þessu ári lágu 88 sjúklingar með Covid á spítalanum, í mars síðastliðnum. Innliggjandi sjúklingum með Covid fer því ört fækkandi og segir Þórólfur flest þau sem eru með sjúkdóminn ekki liggja á sjúkrahúsinu vegna Covid.

„Allir þeir sem eru lagðir inn á



Á tímabilum í faraldrinum mynduðust langar raðir í sýnatöku á Suðurlandsbrautinni þegar þúsundir mættu þangað á degi hverjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Endursmit eru um 10-20 prósent af þeim smitum sem eru að greinast núna og innlagnir á sjúkrahús hjá fólki með endursmit eru mjög fátíðar.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

spítalann eru skimaðir fyrir Covid, svo að orsök innlagnarinnar þarf ekki að vera Covid,“ útskýrir Þórólfur.

„Þetta er ekki eins og það var þegar margir voru lagðir inn alvarlega veikir vegna Covid, landslagið er allt annað og það er ekki nokkur vafi á því að við getum þakkað bólusetningum fyrir það að við séum ekki með jafn alvarleg veikindi,“ bætir hann við.

Þórólfur segir starfsfólk spítalans sjá greinilegan mun á veikindum hjá þeim sem eru bólusett og þeim sem eru það ekki. 82 prósent landsmanna, fimm ára og eldri, eru fullbólusett en einstaklingur telst fullbólusettur hafi hann fengið tvo skammta bóluefnis. Um 292 þúsund einstaklingar hafa fengið tvo skammta og yfir 311 þúsund manns

hafa fengið að minnsta kostið einn skammt bóluefnis.

Þá segir Þórólfur að hjá þeim sem fái endursmit séu einkennin að jafnaði vægari en hjá þeim sem séu að smitast í fyrsta sinn. „Endursmit eru um 10-20 prósent af þeim smitum sem eru að greinast núna og innlagnir á sjúkrahús hjá fólki með endursmit eru mjög fátíðar,“ segir Þórólfur.

Spurður að því hvort við höfum náð þeim tímamótum þar sem Covid er orðið að „venjulegri flensu“ segir Þórólfur erfitt að segja nákvæmlega til um það. „Þetta er að verða miklu vægara þó að þetta sé enn þá úti í samfélaginu en þar eru líka alls konar aðrar veirur í gangi. Það er erfitt að fullyrða að þessi fari þá leið og verði eins og flensa, en það væri óskandi.“ ■

Fyrsta hæð ekki skráð sem fókheld

ragnarjon@frettabladid.is

KÓPAVOGUR Fyrsta hæð húsnæðis sem notað er fyrir vistun fatlaðra ungmenna í Kópavogsbæ í Fannborg 2 er ekki skráð fókheld. Þetta kemur fram í athugasemdum fjölmiðlafulltrúa Kópavogsbæjar við frétt Fréttablaðsins sem birtist í gær.

Hæðin er skráð fullgerð en hafi verið skráð fókheld húsnæði á sínum tíma þar sem hún hafi ekki verið í notkun, einnig þar sem greinst hafði mygla á efstu hæðum hússins.

Láðst hafi að breyta skráningu þegar húsnæðið var tekið í notkun fyrir Kópavogsskóla og nú hafi sú skráning verið leiðrétt og 1. hæð skráð sem fullgerð. Skráningin var leiðrétt í ágústmánuði. Aðrar hæðir hússins eru þó enn skráðar fókheldar.

Einnig vilji Kópavogsbær taka fram að engin mygla hafi fundist í



í athugasemd Kópavogsbæjar segir að húsnæðið hefði ekki verið tekið til notkunar undir skólastarf nema vandlega hefði verið farið yfir það.

þeim parti hússins sem sé í notkun. Fréttablaðið tekur þó fram samkvæmt fyrri fréttaflokkningi að mygla hafi fundist á sömu hæð hússins þrátt fyrir að sá partur hæðarinnar sé ekki notkun.

Í athugasemd Kópavogsbæjar segir að húsnæðið að Fannborg 2, 1. hæð, hefði ekki verið tekið til notk-

unar undir skólastarf ef ekki hefði verið farið vandlega yfir það af sérfræðingum og Heilbrigðiseftirlitinu. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrstu hæð hússins í mars síðastliðnum, það gildir út ágúst og von er á Heilbrigðiseftirlitinu á nýjan leik til að taka húsnæðið út fyrir áframhaldandi starfsemi. ■

OMEGA-3 COLLAGEN

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

HJARTA OG ÆÐAKERFI



Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH

AHL.IS

Fullt hús af hamingju

Kortasalan er hafin



Borgarleikhúsið

Brotthvarf birtingarmynd ójafnra tækifæra



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Námsgagna- og tækjakostnaður framhaldsskólanema getur hlaupið á tugum og hundruðum þúsunda. Stjórnendur framhaldsskóla á Íslandi eru ekki á einu máli um hvort tekjutengt jafnrétti ríki til náms. Nýleg skýrsla bendir til þess að bakgrunnur foreldra hafi beinni áhrif á brotthvarf úr námi en tekjutengdir þættir.

MENNTAMÁL Samkvæmt bókalistum framhaldsskólanna er útlagður kostnaður í upphafi náms mjög misjafn eftir námsbrautum. Bóka-kostnaður hefur lækkað heilt yfir með stafrænni þróun en flestar námsbrautir gera á móti kröfu um fartölvueign.

Karl Frímansson, rektor Menntaskólans á Akureyri, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins engar kannanir liggja fyrir um bóka-kostnað nemenda en eðli málsins samkvæmt fari hann minnkandi. Hann telur nemendur frá efnaminni heimilum eiga góða möguleika á að stunda nám við skólann. „Bæði er kostnaði haldið í lágmarki varðandi innkaup á námsgögnum og svo erum við með leið til að hjálpa ef beidni berst um það.“

Sólveig Guðrún Hannesdóttir, rektor Menntaskólans í Reykjavík, segir námsgagnakostnað langmestan á fyrsta ári. Sumar bækur sem kosta á annan tug þúsunda megi í einhverjum tilfella nota öll þrjú námsárin. Hvað varðar aðstoð við efnaminni nemendur segir Sólveig að skólinn sé með Bræðrasjóð sem nemendur frá efnaminni heimilum geti sótt í. „Þessi sjóður er opin öllum nemendum skólans



Stjórnendum framhaldsskólanna á Íslandi ber ekki saman um hvort jafnrétti ríki til framhaldsskólánáms með hliðsjón af tekjupáttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Það kostar talsvert að vera í framhaldsskóla og mikill munur er á milli skólastiga.

Olga Lisa Garðarsdóttir, skólameistari FSU

og nemendur geta fengið úthlutað úr honum oftar en einu sinni,“ segir hún. Sólveig Guðrún telur efnahag heimilanna ekki hafa mikil áhrif á námsárangur nemenda. „Ég finn alls ekki fyrir stéttaskiptingu innan skólans og við verðum ekki vör við mikið brottfall vegna vinnu nemenda,“ segir hún.

Þá bætir hún við að flestir eldri nemenda stundi vinnu með náminu og telur hið opinbera eiga að styðja við efnaminni heimili. „Og heimili þar sem börn og ungmenni búa við lélegt bakland. En ég held að tækifæri til náms á framhaldsskólastigi séu nokkuð jöfn í landinu.“

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti rekur sextán námsbrautir og í svari við fyrirspurn segir Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari námskostnað mismunandi eftir námi, samsetningu og fjölda áfanga sem teknir séu á hverri önn. „Kennarar eru mjög meðvitaðir um kostnað nemenda vegna námsgagna og reyna að halda bóka-kostnaði í lágmarki.“ Skólinn býður ekki upp á fjárhagsaðstoð en Guðrún segir að í einhverjum tilfellum hafi bækur og tölvur verið lánaðar til nemenda heila námsönn. Guðrún Hrefna segir að vissulega hafi stjórnendur orðið varir við brottfall vegna álags í vinnu en sjaldgæft sé að það séu yngstu nemendurnir við skólann.

Aðspurð hvort þörf sé á aðkomu hins opinbera til að jafna tækifærin, svarar Guðrún Hrefna: „Já, klárlega. Námsgögn ættu að vera nemendum á framhaldsskólaaldri að kostnaðarlausu. Og þau ættu að fá heitan mat í hádeginu.“

Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, segir að mikið sé stuðst við efni af netinu og aðkeyptum forritum sem nemendur greiði aðgang að. Þá hafi fjármálastjóri heimild til að dreifa skólagjöldum og semja um greiðslur eftir atvikum. Þá gefist öllum nemendum við Borgarholtsskóla kostur á ókeypis morgunverði.

„Brotthvarf úr námi vegna álags í vinnu er til staðar og ég hef bent á

Tillögur að forspárlíkani fyrir brotthvarf til skoðunar

Ný skýrsla sem unnin var fyrir félags- og vinnu- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið bendir til þess að „brotthvarf úr framhaldsskólánámi sé birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku samfélagi“, eins og það er orðað á vef Stjórnarráðs Íslands.

Skýrslan fjallar um greiningu gagna Hagstofunnar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hvað varðar brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi, þar sem horft er til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi, með það fyrir augum að spá fyrir um brotthvarf og námsstafir.

Þar eru einkum tvær mælingar til hliðsjónar, það er menntun foreldra og heildartekjur fjölskyldunnar. „Þær skipta máli vegna þess hvernig þær tengjast lagskiptingu samfélagsins,“

segir í skýrslunni, og jafnframt: „Niðurstöðurnar benda til þess að brotthvarf sé birtingarmynd ójafnra tækifæra. Það er þó öðru fremur menntun foreldra sem skiptir máli.“

Þar kemur fram að það að búa hjá einstæðu foreldri við sextán ára aldur og að eiga foreldri með örorkumat, lifa með fötlun og hafa erlendan bakgrunn auki líkurnar á brotthvarfi og dragi úr líkum á endurkomu í nám.

Í skýrslunni má finna tillögur sem miða að því að grípa fyrir inn í félagslegar aðstæður sem leiði til brotthvarfs með því að styðja við nemendur í grunnskóla sem og með félagslegum úrræðum utan skólakerfisins. Lagt er til að það verði gert með auknu samstarfi, upplýsinga- og eftirfylgniskerfi og velt upp hugsanlegu forspárlíkani fyrir brotthvarf byggt á námsárangri í 7.–8. bekk.

að vera í framhaldsskóla og mikill munur er á milli skólastiga.“

Dulbúin lágtekjuvandamál

„Ég held að ég geti alveg skilið af hverju [stjórnendur] sjá ekki tekjuhliðina á þessu,“ segir Kolbeinn Hólmur Stefánsson félagsfræðingur sem vann að gerð nýlegrar skýrslu um brotthvarf úr framhaldsskólum. „Miðað við kannanir sem ég var að vinna með fyrir skýrsluna þá er það allra tekjulægsti hópurinn sem býr við auknar líkur á brotthvarfi. Þannig að fyrir aðra nemendur ætti það ekki að hafa áhrif,“ segir hann.

„En svo er ýmislegt sem tengist tekjum, hlutir eins og lágur tekjur sem tengjast oft við félagslega erfiðleika heima fyrir og annað slíkt. Það er kannski það sem skólastjórnendur koma fyrst auga á en átta sig ekki endilega á því að þetta sé lágtekjuvandamál.“

Aðspurður hvort ferli út frá tillögum úr skýrslunni sé komið af stað innan ráðuneytisins svarar hann að það sé til skoðunar.

„Við leggjum til að það séu notuð svipuð gögn og við erum með til þess að búa til spálíkan um brotthvarfshættu nemenda. Ég veit að það er í skoðun í ráðuneytinu. Ég veit ekki hvort búið er að taka ákvörðun um að fara í þá vinnu, en ég held að það sé töluverður vilji fyrir því.“

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins: Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2022 og skulu umsóknir sendar rafrænt á oldrunarrad@oldrunarrad.is eða til Öldrunarráðs Íslands, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Jórunn Frímansdóttir, formaður stjórnar Öldrunarráðs Íslands.

Fyrirspurnir sendist á netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is



ALVÖRUR ÚTSALA

15-50%
AFSLÁTTUR



20%
AF

Lavor Predator 180
Digital háþrýstidæla með aukahlutapakka

Mótor 2500W
Þrýstingur Max: 180 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.

35.992

Áður 44.990 kr.



Lavor Galaxy 150
háþrýstidæla
Mótor: 2100W
Þrýstingur Max: 150 bör
Vatnsflæði Max: 450l/klst.

22.493

Áður 29.990 kr.

25%
AF

Lavor LVR4 Plus
160 WPS háþrýstidæla með auka-
hlutapakka

Mótor: 2500W
Þrýstingur Max: 160 bör
Vatnsflæði Max: 510l/klst.

33.992

Áður 39.990 kr.

15%
AF



LuTool fjölnota sög
/hjakktæki/juðari. 300W.

3.998

Áður 7.995 kr.

50%
AF

Royal Garden
fjölnotataeki 3-in-1

Sláttuorfi, hekkklippur, keðju-/greinasög
Kraftmikill 1,45kW tvígenis motor 51cc

29.319

Áður 48.865 kr.

40%
AF

SÍÐUSTU DAGAR!



Steypuhljái á stéttina
– þessi sem endist



Creative Super Seal 25 lítrar

23.996 Áður 29.955 kr.

Garðverkfærasett Klóra,
skófla og greinaklippur

2.727

Áður kr. 3.895

30%
AF



Áltrappa fyrir
heimilið 3ja þrepa

6.108

Áður kr. 7.635

4 þrepa kr. 7.484 áður 9.355
5 þrepa kr. 9.004 áður 11.225
6 þrepa kr. 11.196 áður 13.995

20%
AF



Lokað slönguhjól 20m 1/2"

12.796

Áður 15.995 kr.

20%
AF



Drive BiSkúrsryksuga
1250W, 20 lítra

9.596

Áður kr. 11.995

Harðparket,
og flísar

20-50%
AFSLÁTTUR

Frá kr.
1.440 pr.
m²



Hagmans Premium Classic palla-/tréolía 3L

2.097

Áður 3.495 kr.



Boloco vaskur

6.594 Áður kr. 10.990

40%
AF

23.996

Áður 29.995 kr.



Pallahitari IRS1510 SC

14.396

Áður 17.995 kr.



Pallahitari IRS2020

27.746

Áður 36.995 kr.



Kaliber
ferðagasgrill

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm

20%
AF

40%
AF



Egematur Leto
eldhústæki

3.897

Áður kr. 6.895

25%
AF

Guoren sturtusettt svart

19.496

Áður kr. 25.995



Riga salerni með setu
m/stút í vegg

20.716

Áður kr. 25.895

20%
AF



CERAVID

3-6 lítra
hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara

40.489

Áður kr. 53.985

25%
AF

25%
AF

40%
AF

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í

20 ár
2002 - 2022

Fyrirvarir um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar. Tæknimarkað magn af sumum vörum.



Í Peningamálum Seðlabankans kemur fram að bankinn telji að verðbólgan eigi eftir að aukast enn frekar og verði komin í 10,8 prósent á fjórða ársfjórðungi en hjaðni síðan. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Aðalhogfræðingur Stefnis segist engan veginn skilja hvernig spá Seðlabankans sem gefin var út í síðustu viku gat komið til. Nýjustu verðbólgutölur séu jákvæðar en þó sé of snemmt að hrósa sigri. Aðalhogfræðingur Seðlabankans segir að líkur séu á að verðbólguhorfur í spá Seðlabankans gætu reynst of bjartsýnar.

magdalena@frettabladid.is

Ársverðbólgan hjaðnar í ágúst í fyrsta sinn síðan á vormánuðum á síðasta ári og mælist nú um 9,7 prósent en ársverðbólgan mældist 9,9 prósent í júlí síðastliðnum. Þetta kemur fram í mælingum Hagstofunnar sem birtar voru í gær. Mæling ágústánaðar var undir spám Seðlabankans og flestra greiningaraðila.

Í Peningamálum Seðlabankans sem gefin voru út samhliða vaxtaákvörðun bankans í síðustu viku kemur fram að bankinn telji að verðbólga eigi eftir að aukast enn frekar og verði komin í 10,8 prósent á fjórða ársfjórðungi en hjaðni síðan smám saman.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, segir í samtali við Markaðinn að margir þættir spili inn í spá bankans.

„Við sjáum miklar hækkanir erlendis. Alþjóðleg verðbólga hefur aukist töluvert og meira en við áttum von á,“ segir Þórarinn og bætir við að mikil eftirspurn í þjóðarbúinu hafi átt þátt í kröftugum vexti á öðrum ársfjórðungi.

„Síðan eru þættir eins og sú staðreynd að verðbólgan er búin að vera dálítið mikil og vegna þess að þetta er ársbreyting þá heldur takturinn áfram að vera hár þó svo að það verði minni breyting milli mánaða.“

Konráð Guðjónsson, aðalhogfræðingur Stefnis, segir engan veginn skilja hvernig spá Seðlabankans fyrir þennan ársfjórðung hvað varðar verðbólguna gat komið til.

Segir verðbólgu mælinguna vera mikinn létti en of snemmt sé að hrósa sigri



Maður í rauninni skilur ekki þessa spá bankans sem kom út í síðustu viku. Maður skildi hana ekki þá og skilur hana enn síður núna.



Konráð S. Guðjónsson, aðalhogfræðingur Stefnis

„Maður í rauninni skilur ekki þessa spá bankans sem kom út í síðustu viku. Maður skildi hana ekki þá og skilur hana enn síður núna. Við erum búin að sjá liðina olíuverð, flugfargjöld og húsnæðismarkaðinn róast svo nýjustu tölur koma ekki á óvart í því samhengi,“

segir Konráð og bætir við að nýjustu verðbólgutölurnar séu að einhverju leyti fagnaðarefni.

Svigrúm til að lækka vexti gæti myndast á næsta ári

Konráð segir að viðbúið sé að Seðlabankinn muni hækka vexti meira en í ljósi þeirrar sviðsmyndar sem markaðsaðilar og Seðlabankinn hafa teiknað upp þá gæti myndast svigrúm til að lækka vexti á ný á næsta ári.

„Þeir munu sennilega hækka eitthvað í millitíðinni en ef við erum komin yfir þessar mestu hækkanir vegna húsnæðismarkaðarins þá er líklegt að við munum sjá Seðlabankann taka minni skref í vaxtahækkunum en verið hefur. Aftur á móti þurfum við að sjá verðbólguna stefna niður í markmið til þess að unnt sé að lækka vexti.“

„Það er mikill léttir að fá þessa mælingu sem er svolítið undir væntingum og lítil taktur. En maður vill kannski ekki hrósa sigri strax og það er of snemmt að segja til um hvort við séum búin að vinna bug á verðbólgu draugnum.“

Í Peningamálum kemur fram að verðbólguhorfur í spá bankans

gætu reynst of bjartsýnar, sérstaklega ef fyrirtæki fara í vaxandi mæli að velta kostnaðarhækkunum út í verðlag og að ef víxlverkun launa og verðlags fer af stað gæti það valdið því að mikil verðbólga festist enn frekar í sessi. Spá Seðlabankans hvað verðbólguna varðar eru töluvert dekkri en spár annarra greiningaraðila sem gera ráð fyrir að verðbólgan sé ýmist búin að toppa eða við það að toppa.



Við erum að spá því að hún hjaðni en að hún gæti hjaðnað hægar heldur en við eigum von á.



Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans

Aðspurður hvort bankinn telji líklegt að verðbólgan verði þrálát-

ari en spár bankans gefa til kynna segir Þórarinn hættu á því.

„Áhættumat okkar er að það sé líklegt að verðbólgan verði meiri en við erum að spá heldur en minni. Ein mæling segir einhverja sögu en við erum fyrst og fremst að horfa á spátímabilið í heild sem eru þessi þrjú ár. Við erum að spá því að hún hjaðni en að hún gæti hjaðnað hægar heldur en við eigum von á.“

Konráð segir að mikilvægt sé að halda því til haga að verðbólgan eins og hún er mæld sé í raun árs-gömul sagnfræði. Við horfum á það sem er að gerast yfir tólf mánaða tímabil og þannig, þó að verðlag myndi standa í stað næstu mánuði, yrði verðbólgan samt mikil.

„Þess vegna var jákvætt að sjá að hækkunin milli mánaða í júlí og ágúst hafi verið í takt við það sem verið hefur síðustu ár.“

Konráð kveðst ekki ætla að spá hvernig verðbólgan muni þróast næstu mánuði en þó séu jákvæð teikn á lofti.

„Ef þessi þróun heldur áfram þá mun verðbólgan koma ansi hratt niður nú í vetur en það þarf að bíða eftir talsvert skýrari vísbendingum áður en hægt er að fullyrða um það.“

Konráð segir það vera jákvætt að svo virðist sem verðbólguvæntingarnar séu að koma niður.

„Það er þó erfitt að segja til um það. Við þurfum að fá sannfærandi hjöðnun í verðbólgu bæði hér og erlendis til að þær komi niður með sannfærandi hætti.“

Konráð bætir við að jákvætt sé að svo virðist sem bensínverð, flugfargjöld og hrávörur séu að lækka miðað við það sem verið hefur.

„Ef til dæmis bensín hefði ekki lækkað jafn mikið og raun ber vitni þá hefði lækkan milli mánaða verið hálf prósent þannig að það er svona ákveðinn léttir og gefur góða vísbendingu um framhaldið.“ ■



Er þitt fyrirtæki tilkynningarskylt?

Framkvæmdu Áreiðanleikakönnun og nálgastu allar upplýsingar um þína viðskiptavini á þjónustuvef Creditinfo.

CREDITINFO | Áreiðanleikakönnun

FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, oskaskrin.is.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is.



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Óskaskrín

Hundraða milljóna fjárfesting Eyris í Justikal

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Justikal mun störefla þróun og byggja upp alþjóðlegt sölu- og markaðsteymi til að sækja á erlenda markaði. Staekkinun kemur í kjölfar 400 milljóna króna fjárfestingar frá Eyri Vexti.

olafur@frettabladid.is

Hugbúnaðarlausn Justikal gerir lögmönnum og öðrum aðilum kleift að senda gögn rafrænt til dómstóla. Með lausninni geta málsaðilar fylgst með framvindu sinna mála í réttarkerfinu og fengið sjálfvirkar tilkynningar þegar nýir atburðir verða í málum sem tengjast þeim. Auk þessa er fjöldi annarra eiginleika í lausninni sem geta aukið afkastagetu aðila í réttarkerfinu og gert þeim kleift að vinna eftir þægilegri og nútímalegri vinnuaðferðum en áður hefur þekkt.

Lausnin hefur verið í þróun síðastliðin fjögur ár og hefur Dómstólasýslan samþykkt að lögmenn og aðilar megi nota lausnina til að senda öllum héraðsdómstólum á Íslandi gögn rafrænt.

„Fram undan er mjög spennandi tími. Í lögmennastörfum mínum kynntist ég vel umhverfi og áskorunum sem lögmenn þurfa að takast á við vegna pappírssendinga og tímafresta. Í dag er mikið magn gagna sem eru aðeins til á rafrænu formi og í sumum tilfellum er ekki hægt að prenta út skjölín ef þau innihalda til dæmis rafrænar undirskriftir. Með innleiðingu eIDAS-reglugerðarinnar í íslensk lög eru allar nauðsynlegar forsendur komnar til þess að geta ýtt af stað miklum framförum á umhverfi lögmanna og starfsfólks dómstóla,“ segir Margrét Anna Einarisdóttir stofnandi og forstjóri Justikal.



Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyris Vaxtar, Ólafur Einarsson, tæknistjóri Justikal, og Margrét Anna Einarisdóttir, forstjóri Justikal, við undirritun samningsins.

MYND/MARÍA KJARTANSDÓTTIR

”

Við hlökkum til að starfa með þessu frábæra teymi og erum spennst fyrir að taka þátt í að koma lausn Justikal inn á alþjóðamarkað.

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyris Vaxtar

Í lausninni er lögð mikil áhersla á öryggi við meðferð viðkvæmra skjala, þess vegna eru notaðar rafrænar traustþjónustur í samræmi við eIDAS-reglugerðina til þess að tryggja að öll meðhöndlun sé sem öruggust. Öll gögn eru til að mynda rafrænt innsiglið með fullgildum tímastimpli sem staðfestir áreiðanlega hvenær gögnin voru send og tryggir að ekki er hægt að eiga við innihald skjalanna, því að sé það gert rofnar innsiglið. Þetta getur skipt lögmenn miklu máli þar sem tímafrestir eru mjög mikilvægir og rík sönnunarbyrði er á lögmönnum hvað þá varðar.

Auk þess hafa skjólstaðingar nú greiðara aðgengi að sínum gögnum en fyrr. Nú geta þeir fylgst með framvindu sinna mála og fá tilkynningar þegar nýir atburðir eiga sér stað í máli sem þeir hafa aðgang að. Lögmenn ættu því að geta veitt viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu með Justikal.

„Reynsla LOGOS af notkun lausnar Justikal hefur verið mjög jákvæð og er það mat okkar að hún geti sparað tíma og auðveldað störf lögmanna,“ segir Heiðar Ásberg Atlason, eigandi og hestaréttarlögmaður hjá LOGOS.

„Við gætum ekki verið ánægðari

með fjárfesti þar sem Eyri er ESG-sjóður og leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og að stuðla að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna,“ segir Margrét Anna. „Við deilum nú þegar mörgum sterkum gildum þar sem markmið Justikal er einmitt að gera málsmeðferð fyrir dómstólum hraðari, gagnsærri og öruggari. Stofnendur Justikal telja að þeir geti lækkað málskostnað aðila og í kjölfarið gert dómstóla aðgengilegri fyrir tekjulægri aðila. Sparnaður fyrir samfélagið með notkun lausnar Justikal getur verið gríðarlegur, eða um það bil 3,3 milljarðar á ári fyrir íslenskt samfélag.

Justikal hefur hlotið styrki frá Tæknipróunarsjóði sem hefur gert félaginu kleift að ná þeim stað sem lausnin er á í dag. Á næstu mánuðum mun félagið ráða fólk í hugbúnaðarþróun, sölu- og markaðsstarf. Undirbúningur fyrir þennan tímamark hefur átt sér góðan aðdraganda og ætlanir gera ráð fyrir hröðum vexti á alþjóðavettvangi.

„Eyri Vöxtur fjárfestir í fyrirtækjum sem eru tilbúin til að taka hröð vaxtarskref á alþjóðamörkuðum. Justikal fellur vel að áherslum sjóðsins og við hlökkum til að starfa með þessu frábæra teymi og erum spennst fyrir að taka þátt í að koma lausn Justikal inn á alþjóðamarkað,“ segir Stefania Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyris Vaxtar.

Lausnin er aðgengileg á justikal.com og er nýr valkostur og stendur aðilum nú til boða til að senda gögn rafrænt til dómstóla. Aðilar sem stofna mál í Justikal greiða 6.900 krónur á mánuði á meðan málið er í vinnslu. Á sama tíma geta aðrir aðilar máls, til dæmis lögmaður gagnaðila, skjólstaðingar, aðstoðarfólk og starfsfólk dómstólanna, notað lausnina endurgjaldslaust.

Aðilar geta prófað lausnina gjaldfrjálst til áramóta. ■

Merki um kólnun á fasteignamarkaði

magdalena@frettabladid.is

Framboð íbúða til sölu hefur aukist hratt að undanförunu en á höfuðborgarsvæðinu eru nú 1.013 íbúðir til sölu en í lok júlí voru þær aðeins 700 og því hefur framboðið aukist um 45 prósent á einum mánuði. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýjum tölum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) sem birtar voru í gær.

Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir þessar tölur bera þess merki að íbúðamarkaðurinn sé farinn að kólna.

„Það er komin aðeins meiri ró á markaðinn. Það er líklega ástæðan fyrir auknu framboði, sérstaklega miðað við vísitölu íbúðaverðs í júlí og nú gögn Hagstofunnar um markaðsverð íbúðarhúsnæðis,“ segir Bergþóra en bætir við að hafa þurfi í huga að framboðið sé ekki komið á sama stað og það var áður en íbúðaverðshækkunarirnar byrjuðu.

Hún segir jafnframt að tölurnar komi í sjálfu sér ekki á óvart. Þau hafi verið að búast við að markaðurinn færi að kólna á næstunni og tölurnar um auknið framboð rími við það.

„Þetta eru aðallega eldri eignir í endursölu, það er að segja, það er ekki að koma mikið af nýjum eignum inn á markaðinn enn sem komið er.“

Í skýrslunni frá HMS kemur fram að auknið framboð sé ekki hægt að



Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka

skýra með auknu framboði nýrra íbúða heldur sé líklegasta skýringin sú að hægt hafi á sölu vegna minnkandi eftirspurnar.

Bergþóra segir að það sé nokkuð ljóst að aðgerðir Seðlabankans hafi mikið að segja um kólnun á íbúðamarkaði um þessar mundir.

„Það er virkilega jákvætt að loksins séu þessar aðgerðir farnar að hafa áhrif. Við búumst við að fleiri nýjar íbúðir fari að detta inn á markaðinn þegar líða tekur á árið en fjöldi þeirra mun aukast á næsta ári.“

Samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins og HMS eru rúmlega 3.000 íbúðir væntanlegar á markað á næsta ári sem að sögn Bergþóru ætti að vera nóg til að koma til móts við eftirspurnina.

„Við búumst við að íbúðamarkaður sé að kólna nokkuð hratt og með hærri vöxtum sem og auknu framboði af nýjum eignum muni ákveðið jafnvægi komast á markaðinn, vonandi fyrr en í allra síðasta lagi um mitt næsta ár.“ ■

Segir að allir geti byrjað frá grunni

magdalena@frettabladid.is

Nýsköpunarhugbúnaðarfyrirtækið Víkonnect vinnur með sprotafyrirtækjum til að hjálpa þeim að þróa sínar eigin vörur frá grunni og aðstoða þau við að ráða réttu starfsmennina til að styrkja vöxt fyrirtækjanna.

Fyrirtækið var stofnað í fyrra og er nú með þrettán manns í vinnu. Safa Jemai, stofnandi Víkonnect, segir að það skipti sköpum fyrir nýsköpunarfyrirtæki að finna rétta teymið sem hafi burði til þess að sinna verkefnum af kostgæfni.

„Það er lyklatríði að finna rétta teymið. Það sem við hjá Víkonnect gerum er að við hjálpum hugbúnaðarfyrirtækjum að finna forritara og spörum þeim bæði tíma og peninga,“ segir Safa og bætir við að fyrirtækið leggi áherslu á fjölbreytni.

Safa hefur búið á Íslandi í um fjögur ár en hún lærði forritun úti í Túnis en kom hingað til lands til að læra hugbúnaðarverkfræði í Háskóla Íslands. Hún segir að það hafi verið stór tímamót í lífi hennar þegar hún tók þá ákvörðun að starfa sjálfstætt fremur en að starfa sem forritari fyrir aðra.

„Eftir námið mitt fór ég að vinna sem forritari hjá HR og fleiri fyrirtækjum. Ástæðan fyrir að ég stofnaði mitt eigið fyrirtæki er að ég vil sýna konum af erlendum uppruna að það er hægt að byrja frá grunni og láta drauma sína rætast.“

Hún segir að þó að fyrirtækinu gangi vel hafi hún fundið fyrir ýmsum hindrunum þegar hún hóf ferlið.



Safa Jemai flutti hingað frá Túnis fyrir fjórum árum síðan en gerir það nú gott í nýsköpun hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

Það er virkilega gaman að starfa í nýsköpun á Íslandi og því fylgja mörg tækifæri.

„Það var ýmislegt sem var frekar krefjandi. Ég var til dæmis ekki með neitt tengslanet að ráði en ég var aftur á móti virkilega dugleg að tala við fólk og kynna þess vegna gekk þetta allt saman upp.“

Safa segir að margir spennandi hlutir séu í bigerð hjá Víkonnect. Fyrirtækið vinni nú að því að vaxa bæði hér innanlands og fyrir utan landsteinana.

„Við erum um þessar mundir að vinna með mjög mörgum íslenskum fyrirtækjum en við erum líka að vinna með fyrirtækjum í Evrópu og við ætlum að halda áfram í því en á sama tíma líka að stækka og finna fleiri viðskiptavinum í Bandaríkjunum. Við viljum líka leggja áherslu á fjölbreytni og hjálpa konum að vaxa í starfi.“

Safa bætir við að það jákvæða við Ísland sé hversu fjölbreytt nýsköpunarflóran er.

„Það er virkilega gaman að starfa í nýsköpun á Íslandi og því fylgja mörg tækifæri. Við hjá Víkonnect leggjum mikið upp úr því að veita þessum fyrirtækjum faglega ráðgjöf og hvetjum þau til að hugsa til lengri tíma frekar en aðeins til skamms tíma.“ ■



Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

Jákvæð tíðindi fyrir markaðinn

magdalena@frettabladid.is

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir það vera verulega jákvætt að íslensk fyrirtæki verði fleiri og fái meira vægi í vísitölum FTSE Russell en áður var búist við. Þá sé sú breyting sem orðið hefur á flokkun úr litlum félögum í meðalstór og úr meðalstöfum í stór jafnframt jákvæð tíðindi.

”

Ég geri mér góðar vonir um að þetta auki seljanleikann á markaðnum og geri markaðinn smám saman líkari því sem gengur og gerist erlendis.

„Í kjölfar þessara tíðinda erum við að undirbúa frekari komu erlendra fjárfesta inn á markaðinn. Við erum að skynja þennan aukna áhuga mjög sterkt,“ segir Magnús og bætir við að frekari frétt sé að vænta af meiri þátttöku erlendra fjármálagjafraðgjafa á markaðnum innan tíðar.

„Ég geri mér góðar vonir um að þetta auki seljanleikann á markaðnum og geri markaðinn smám saman líkari því sem gengur og gerist erlendis. Það er að segja að það verði meira um að það verði kaup- og sölutilboð sem öllum eru aðgengileg til dæmis.“ ■



Áslaug segir að uppáhaldsborg hennar sé New York þar sem hún iði af lífi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Krefjandi verkefni að stofna verslun

■ Svipmynd

Áslaug Hlíf Servo Jensdóttir

Nám: Grunnskólanám í Varmáskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar, stutt stopp í Menntaskólanum við Sund og lönnskólanum í Reykjavík. Fann mig svo í Garðyrkjuskóla ríkisins og útskrifaðist þaðan sem blómáskreytir. Og svo síðast en ekki síst er auðvitað skóli lífsins.

Störf: Verslunarstörf, þjónustustörf, barþjónn, blómáskreytir og blómabúðareigandi, hef einnig stofnað tvær blómabúðir en sá atvinnurekstur er því miður mjög erfiður, eins og þetta er yndislegt starf að vinna við. Og núverandi starf er fataverslunareigandi.

Fjölskylduhagir: Gift Nuno Alexandre Bentim Servo og eru dæturnar þær Aurora Sólrós 12 ára og Elísabet Ósk 15 ára.

Áslaug Hlíf Servo Jensdóttir er eigandi fataverslunarinnar HÖRG á Laugavegi 83. Hún hefur gaman af því að ferðast til nýrra landa og segir að það að stofna verslun hafi verið krefjandi og skemmtilegt verkefni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ferðalög til nýrra landa og að sjá og kynna einhverju nýju. Og allt um blóm og skreytingar. Hef gaman af því að hekla og þrjóna. Er að reyna að fá áhuga á golfi til að geta spilað með mannum mínum en það gengur þínu hægt, kannski kemur það með tímanum.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Fátækt fólk eftir Tryggva Emilsson. Hún sýnir okkur inn í lífið á Íslandi hérna áður fyrr og hversu lífið var erfitt fyrir fólk á þeim tíma. Hún opnar augu manns og minnir okkur á hvað við erum heppin og höfum það gott í dag.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Mest krefjandi verkefnið var að

”

Er að reyna að fá áhuga á golfi til að geta spilað með mannum mínum en það gengur þínu hægt, kannski kemur það með tímanum.

vinna við að stofna HÖRG, verslunina mína, undirbúningurinn í að finna réttu fatamerkin, staðsetninguna fyrir verslunina, búa til heimasíðuna og allt það sem fólst í því ferli. Af því að ég er þannig að ég vil gera allt meira og minna sjálf þá var þetta dálítið krefjandi og tímafrekt verkefni en heppnaðist mjög vel í alla staði, og er ég mjög stolt af útkomunni.

Að halda áfram að vinna að því að bjóða fólki upp á umhverfisvæn, lífrænan og sjálfbærna fatnað og góða þjónustu í versluninni minni. Og það sem er mikilvægast auðvitað er að huga vel að fjölskyldu minni á sama tíma.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Aldrei að vita en kannski verð ég búin að opna fleiri verslanir í tengslum við HÖRG. Eða bara með annan fótinn við Karíbahafið, þar sem ég elska að vera!

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Einu sinni ætlaði ég að verða viðskiptafræðingur ... veit ekki af hverju sú hugmynd kom upp þegar ég var í gaggó. En í dag, ef maður horfir til baka, þá held ég að ég sé nokkuð sátt við það sem ég hef valið mér. En ef ég þarf segja eitthvað þá kannski garðyrkjufraeðingur.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

New York, hún hefur upp á allt að bjóða, iðar af mannlífi og á hverju horni sér maður og upplifir eitthvað nýtt. ■

Hagnaður eykst og skuldir lækka

olafur@frettabladid.is

Hagnaður Landsvirkjunar á fyrri hluta ársins var 19,4 milljarðar króna. Hagnaður tímabilsins nam 144,5 milljónum Bandaríkjadala sem er hækkun um ríflega 260 prósent frá sama tímabili árið áður, þegar hagnaðurinn nam 55,1 milljón dala.

Rekstrartekjur námu 339,3 milljónum dala, eða sem nemur 45,5 milljörðum króna, og hækkðu um 29,5 prósent milli ára.

Nettóskuldir Landsvirkjunar lækkuðu um 147,5 milljónir dala, eða 19,8 milljarða króna, á tímabilinu og voru í lok júní ríflega 1.350 milljónir dala, eða sem nemur 181,3 milljörðum króna.

Meðalverð til stórnotenda var 42,1 dalur á megavattstund, sem er hæsta verð á fyrri árhelmingi í sögu fyrirtækisins.

Handbært fé frá rekstri nam 234,9 milljónum dala, eða 31,5 milljörðum króna, sem er 43,6 prósent hækkun frá sama tímabili í fyrra.

Þetta er besta rekstrarniðurstaða í sögu Landsvirkjunar og hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði hækkandi um tvo-þriðju miðað við sama tímabil í fyrra og nam rúmum 22 milljörðum króna. Meginástæða aukins rekstrarhagnaðar er hækkun á raforkuverði til stórnotenda.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir endursamninga við stórnotendur stuðla að góðri rekstrarafkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í tilkynningu frá Landsvirkjun er haft eftir Herði Arnarsyni forstjóra að eftir erfiðan fyrsta ársfjórðung, þar sem tíð óveður og erfið staða í vatnsbúskapnum reyndu mjög á fyrirtækið, hafi vorið komið með

kröftugu innrennsli og sé vatnsstaðan því nú í góðu meðallagi.

„Eftirspurn eftir raforku var með allra mesta móti á tímabilinu, en orkuafhending til stórnotenda jókst um 5% og jafnframt jókst afhending forgangorku í heildsölu um 23 prósent. Um leið var meðalverð til stórnotenda án flutnings hærra en nokkru sinni áður á fyrri árhelmingi, eða 42,1 dalur á megavattstund. Þetta má meðal annars rekja til endursamninga undanfarinna ára, sem tryggt hafa að flestir viðskiptavinir Landsvirkjunar borga verð sem er sambærilegt við það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.“

Nettóskuldir Landsvirkjunar hafa lækkað úr tæpum 1,9 milljörðum Bandaríkjadala í árslok 2018 í ríflega 1,35 milljarða nú í lok júní, eða um rök 28 prósent. Á sama tímabili hefur eiginfjárlutfallið farið úr 48,6 prósentum í 52,8 prósent.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að afkoma fyrirtækisins sé mjög sterk um þessar mundir og skýrist það aðallega af hækkun á raforkuverði til stórnotenda og endurspeglar endursamninga undanfarinna ára. Horfur í rekstri séu því góðar um þessar mundir, en afkoman muni áfram litast af stöðu á alþjóðlegum hrávöru- og orku-mörkuðum. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Þangað leitar kvalinn klárinn



Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Vextir á dönskum húsnæðislánum eru um þessar mundir 0,7 prósent, fastir út lántímann. Ein ástæða þess að Danir geta haldið vöxtum svo lágum og stöðugum er að þeir eru í ESB og danska krónan er fasttengd evrunni og studd af Evrópska seðlabankanum.

Í öllum löndum ESB eru vextir einungis brotabrot af því sem er hér á landi þrátt fyrir að samræmd mæling verðbólgu sýni að í allri Evrópu er verðbólgan næstlægst hér á Íslandi. Aðeins í Sviss er minni verðbólga en hér á landi. Sviss er þekkt fyrir efnahagslegan stöðugleika.

Hví eru þá stýrivextir svo háir hér? Jú, ráðandi öfl hér á landi hafa ákveðið að vera með séríslenskan gjaldmiðil til innanlandsbrúks.

Íslenska krónan hefur verið eins og korktappi í stórsjó, stórskaddað almenning og dregið úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Á einni öld hefur hún rýrnað svo að hún er í dag aðeins 1/2000 hluti þess sem hún var um 1920.

Ekki er hægt að geyma verðmæti í íslenskri krónu vegna þess að þau verða að engu. Verðtryggingunni var ætlað að bæta úr því en afleiðingar verðtryggingar hafa birst okkur í kollsteypum sem skada atvinnulífið í landinu og almenning en maka krókinn fyrir fjármála-kerfið og efnamikla fjárfesta.

Ekki eru hins vegar allir á Íslandi háðir smákrónukerfinu. Íslenska smákrónan er fyrir almenning og minni fyrirtæki. Stórútgæðir, eigendur þeirra og öll stórfyrirtæki landsins eru fyrir löngu farin út úr smákrónunni, skiljanlega. Það er skynsamlegt.

Vaxtahækkningar Seðlabankans hafa hækkað greiðslubyrði venjulegrar barnafjölskyldu vegna húsnæðislána um 100 þúsund eða jafnvel meira en eru hvalreki fyrir fjármagnseigendur. Bankarnir græða vegna þess að Seðlabankinn fer beinlínis í vasa barnafjölskyldna og sækir peninga til að færa bönkum og fjárfestum.

Á meðan taka hinir ríku gjaldeyrslán til að kaupa hlutabréf í bönkum og brosa að hinum sem verða að taka lán á íslenskum vöxtum.

Alltaf kjósum við samt aftur þessa valdhafa sem standa vörð um fjármagn og traðka á fólkinu í landinu. Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

Við þurfum að krefjast svara um hverju það sætir að ráðamenn ríghalda í skaðlegan gjaldmiðil sem skadar fólkið í landinu. Hvers vegna mega bara auðmenn og stórfyrirtæki búa við stöðugleika og hagstæð lánakjör? ■

Stórútgæðir, eigendur þeirra og öll stórfyrirtæki landsins eru fyrir löngu farin út úr smákrónunni, skiljanlega. Það er skynsamlegt.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is
arnartomas@frettabladid.is

Frægðarhöll Lilju

Lilja Alfredsdóttir fær nú enn einu sinni á baukinn fyrir vafasama ráðningu. Nú fyrir ráðningu Hörpu Þórsdóttur Þjóðminjavarðar. Ráðningin hefur valdið fjáðrafoki sem er reyndar ágætt að einu leyti fyrir Lilju. Hún skyggir á aðra vafasama ráðningu, Svanhildar Hólm, hjá Viðskiptaráði, í starfshóp um samkeppni og neytendamál. Þessar tvær bætast í frægðarhöll umdeilda ráðninga Lilju, með Páli Magnússyni ráðuneytisstjóra og Einari Huga Bjarnasyni raðnefndarmanni og fleirum. Það er spurning hvort Lilja geti ráðið pípara án þess að komast í klandur?

Rimahverfi á nálum

Fjölmiðlar greindu nýlega frá því að ung kona í Rimahverfi hefði fengið óþægilega heimsókn um helgina. Tvær dularfullar konur bönkuðu upp á og vöktu óhug með bjagaðri íslensku sinni og skrítnum spurningum. Tengdust þær yfirstandandi innbrotahrinu í hverfinu? Nei. Umræddar konur ráku auga í fréttirnar og svöruðu fyrir sig þar sem þær höfðu einfaldlega farið húsavíllt. Uppsafnaður uggur Grafarvogssins hvarf eins og döggi fyrir sólu. Það væri óskandi að óhugnaður í samfélaginu væri oftast einfaldlega misskilningur. ■

Pólitík fyrir eldhúsið



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Pólitík snýst um að auðvelda líf og heimilisrekstur fólksins í landinu. Gera stritið fyrir hinu daglega brauði léttara. Sterkari samkeppnishæfni fyrirtækja skiptir líka máli fyrir hag heimila.

Í nútímanum þurfa pólitískar ákvarðanir að fara um langan veg í misfloknum kerfum áður en þær skila sér heim í eldhús til fólks. Fyrir vikið þarf stjórnmalafólk stundum að hafa fyrir því að skýra tengslin milli stefnumála þeirra og eldhússins.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég las á dögnum grein eftir Fríðrik Jónsson, formann BHM. Þar segir hann þetta um tengslin milli sjávarútvegsstefnummar og kjarasamninga en þeir eru eldhúspólitík fyrir alla: „Ólíklegt er að varanleg sátt náist á vinnumarkaði fyrr en sátt næst um gjaldtöku af auðlindum. Mun það taka áratugi nema áherslubreyting verði á vettvangi stjórnmalanna en þangað til þarf að leitast við að skapa tímabundna sátt.“

Þetta sýnir vel að sjávarútvegsmálin fjalla ekki bara um afmarkaðan hluta í þjóðarþúskapnum heldur tengjast stærri málum samfélagsins. Þau eru hvorki einkamála sérfræðinga né einkamála þeirra sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Hún varðar alla þjóðina og er stórt hagsmunamál fólksins heima við eldhúsbörð.

Gjaldmiðlamál eru fyrir mörgum frekar óspennandi viðfangsefni. Samt hefur fátt annað meiri áhrif á hversdagslífið: á pólitíkina við eldhúsbörð, vinnuna fyrir hinu daglega brauði og starfsemi fyrirtækja.

Þegar við kölluðum fyrst eftir þjóðaratkvæði um aðild að Evrópusambandinu var viðkvæði margra: „Þetta má nú biða. Gerum bara það sem þarf. Því ef við fæum að ráða verður krónan eins og hver annar gjaldmiðill.“ Nú hafa þeir stjórnað í allmörg ár. Spyrjum af því tilefni við eldhúsbörð: Hvers vegna þurfa fjölskyldur og litil og meðalstór fyrirtæki í íslenska krónuhagkerfinu að borga tíu sinnum hærra vexti en vinir okkar í danska krónuhagkerfinu. Til þess að glíma við sömu verðbólgu?

Þetta er hin sanna eldhúspólitík sem snertir hið daglega líf fólks. Er einhver ástæða til að biða lengur? Eignum við ekki skilið sömu kjör? ■

Ólíklegt er að varanleg sátt náist á vinnumarkaði fyrr en sátt næst um gjaldtöku af auðlindum.

Hvað er að fréttu?

Stöðugar fréttir allan daginn á frettabladid.is



Skannaðu kóðann

Taívan hefur ætíð verið hluti af Kína



He Rulong
sendiherra Kína
á Íslandi

Heimsókn Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjanna til Taívans, þrátt fyrir eindregna andstöðu og mótmæli kínverskra stjórnvalda, varð til þess að stór- auka spennu á svæðinu og beina athygli umheimsins enn og aftur að málefnum Taívan-eyju.

Ég hef tekið eftir því að fjölmiðlar á Íslandi hafa að undanförunu birt greinar um Taívan, og einnig hafa íslenskir vinir mínir spurt mig um afstöðu mína til taívanskra málefna við ýmis tækifæri. Ég finn mig því knúinn til að hripa niður nokkrar línur til að varpa ljósi á þessi mál til þess að Íslendingar fái skýra og hlutlæga yfirsýn yfir málefni Taívans.

Í fyrsta lagi hefur Taívan tilheyrð Kína frá fornu fari.

Elstu heimildir um Taívan eru skráðar árið 230 í sjóferðabókum sægarpsins Shen Ying frá Wu-rikinu á tímum Konungsríkjanna Þriggja (220-280). Allt frá tímum Song keisaraveldisins (960-1279) og Yuan keisaraveldisins (1270-1368) hafa Penghu-eyjar og Taívan tilheyrð kínverska keisaraveldinu og verið hluti af stjórnsýslusvæði þess.

Eftir árasarstríð Japana gegn Kína sölsuðu Japanir Taívan undir sig sem nýlend. Við lok heimstyrjaldarinnar síðari endurheimti kínverska ríkið yfirráð yfir Taívan á grundvelli Kairó-yfirlýsingarinnar, sem ríkisstjórnir Kína, Bandaríkjanna og Bretlands undirrituðu árið 1943, og Potsdam-yfirlýsingarinnar sem ríkisstjórnir Kína, Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna undirrituðu árið 1945 sem Japanir staðfestu með yfirlýsingu sinni um uppgjöf hið sama ár. Allar þessar yfirlýsingar skjalfesta að öllum landsvæðum, sem Japanar höfðu rænt frá Kínverjum, skyldi skilað aftur til Kína, þar á meðal norðausturhluta Kína, Taívan og Penghu-eyjum.

Eftir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína 1. október 1949 tók það við af Lýðveldinu Kína og þar með varð Miðstjórn Alþýðulýðveldisins Kína eina lögmæta ríkisstjórn alls ríkisins.

Borgarastyrjöldin í Kína 1945-1949, og afskipti erlendra afla, leiddi til pólitísks aðskilnaðar yfir Taívan-sund og langvarandi pólitískra deilna, en staða Taívans sem hluta Kína hefur aldrei breyst. Eins og kemur fram á Vísindavef Háskóla Íslands „þá ber bæði kommúnista-

Sameinað Kína kemur til með að færa þjóðum heimsins fleiri tækifæri til framþróunar og skapa meiri stöðugleika á Kyrrahafssvæði Asíu og um heim allan.

flokki Kína (CPC) og Kuomintang saman um að Taívan sé hluti Kína, en ágreiningurinn snýst um hvor stjórnin eigi rétt á að ráða yfir Kína sem heild.“

Í öðru lagi hefur alþjóðasamfélagið almennt viðurkennt að það sé aðeins eitt Kína.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti á 26. fundi sínum í október 1971 með stuðningi flestra ríkja heims, þar á meðal Íslands, ályktun 2758, sem kveður á um að Kína eigi eitt sæti á þingi Sameinuðu þjóðanna og það sé ekkert til sem heitir „tvö Kína“ eða „eitt Kína og eitt Taívan“. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er vísað til Taívans sem héraðs innan Kína. Þann 3. ágúst síðastliðinn áréttaði framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Antonio Guterres, að afstaða Sameinuðu þjóðanna til stöðu Taívans sé skýr: að Sameinuðu þjóðirnar framfylgi ályktun 2758 frá 1971 um að einungis sé til „eitt Kína“. Reglan um „eitt Kína“ liggur til grundvallar diplómátskum samskiptum Alþýðulýðveldisins Kína við önnur ríki sem skuli viðurkenna ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína sem hinn lögmæta fulltrúa alls Kína; þau verði að skuldbinda sig til að slíta eða hindra tilraunir til að koma á diplómátskum samskiptum við yfirvöld á Taívan. Um þessar mundir hefur 181 land stjórn málasamband við Kína á grundvelli reglunnar um „eitt Kína“, þar á meðal Ísland. Sameiginleg yfirlýsing Íslands og Kína um stjórn málasamband ríkjanna vísar skýrt og greinilega til reglunnar um eitt Kína. Utanríkisráðuneyti Íslands áréttaði nýlega að „Ísland, eins og langflest ríki heims, viðurkenni eitt og óskipt Kína“.

Í þriðja lagi, hver er hinn raunverulegi „fridarspillir“ við Taívan-sund?

Frá því að Lýðræðislegi framsóknarflokkurinn (DPP) komst til valda árið 2016 hefur hann rekið áróður fyrir „stigvaxandi sjálfstæði“, þrýst á „af-Kínaveðingu“ og notað hvert tækifæri sem gefst til að koma á framfæri hugmyndum um „tvö Kína“ og „eitt Kína, eitt

Taívan“. Bandaríkin fullyrða að þau fylgi stefnunni um „eitt Kína“, og styðji ekki „sjálfstæði Taívans“. En innan Bandaríkjanna eru öfl sem vinna ljóst og leynt gegn stefnunni um „eitt Kína“ og reyna að þrýsta áfram svokallaðri „stefnu um samskipti við Taívan“ og „hinum sex loforðum“ sem var þvingað einhliða inn í yfirlýsingu Bandaríkjanna um stefnu sína um „eitt Kína“. Þannig afskræma þau, þynna út og grafa undan reglunni um „eitt Kína“. Kína hefur ætíð verið á móti slíkri viðleitni.

Fyrirverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Henry Kissinger, sem varð vitni að þróun samskipta Bandaríkjanna og Kína, hefur sagt að það sé „grundvallaratriði að halda fast við regluna um „eitt Kína“, og Bandaríkin ættu að forðast að þróa einhvers konar lausnir sem feli í sér „tvö Kína“.“ Fyrirverandi forsætisráðherra Ástralíu, Paul Keating, lét hafa eftir sér „að heimsókn Pelosi til Taívans væri forðamaalaus, heimskuleg, hættuleg og óþörf“. Samt sem áður og þrátt fyrir kröftug mótmæli Kínverja kom Nancy Pelosi í heimsókn til Taívans þann 2. ágúst í trássi við skuldbindingar Bandaríkjanna um að virða fullveldi Kína. Kínverjar gátu ekki setið aðgerðalausir hjá og neyddust til að bregðast við með videigandi mótaðgerðum.

Íslendingur sem hefur búið í Kína ritaði nýlega í grein í Fréttablaðinu að „á öllum þeim árum sem ég bjó í Kína kynntist ég mörgum Kínverjum sem höfðu mismunandi skoðanir á alls konar málefnum en ekkert sameinaði Kínverja jafn mikið og afstaða til Taívan“. Ættingi minn á áttræðisaldri hefur sagt mér að hann sé reiðubúinn til að fara út á vígvöllinn, ef það þurfi að berjast fyrir sameiningu móðurlandsins. Þessi ummæli varpa ljósi á sameiginlegan skilning 1,4 milljarða íbúa Kína á nauðsyn þess að standa vörð um sjálfstæði Kína og landmæri. Heimsókn Pelosi til Taívan varð í raun til þess að sameina íbúa Kína og þjappa þeim saman í þágu sameiningar móðurlandsins.

Sameinað Kína kemur til með að færa þjóðum heimsins fleiri tækifæri til framþróunar og skapa meiri stöðugleika á Kyrrahafssvæði Asíu og um heim allan.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér nánar sögulegar staðreyndir varðandi málefni Taívan og grundvallarþætti í stefnu Kínverja, skal bent á hvítbók sem kallast „Málefni Taívan og sameining Kína í nýjum tímum“ (e: The Taiwan Question and China's Reunification in the New Era) sem gefin var út af ríkisstjórn Kína þann 10. ágúst á vefsíðu sendiráðsins: <http://is.china-embassy.gov.cn>. ■



Chandon er ný og glæsileg lína frá Serta þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði.

Chandon heilsurúmið er einnig hægt að fá með stillanlegum botnum og heilli yfirdýnu. Einnig fánlegt í gráum lit. Einstaklega falleg hönnun þar sem þægindi og stuðningur veita þér þann svefn sem þú átt skilið.

SERTA CHANDON HEILSURÚM
(dýna, botn, gafl og lappir) (Gafl er 20 cm breiðari en rúmið)

Stærð	Verð m/botni	Verð m/stillanlegum botni
160 x 200 cm	449.900 kr.	649.900 kr.
180 x 200 cm	484.900 kr.	679.900 kr.
180 x 210 cm	509.900 kr.	689.900 kr.
200x200 cm	524.900 kr.	739.900 kr.



LOLLY SVEFNSÓFI

Lolly er fánlegur í ljósu- og dökkgráu slitsterku áklæði. Vönduð 18 cm þykk heilsudýna í stærðinni 140x190 cm.

Nú 289.900 kr.



SAMSO DÚNSÆNG

Vönduð dúnsæng. 100% lífræn bómull. Moskusdúnn, hitasprengdur og dauðhreinsaður. 140 x 200 cm.

Nú 45.900 kr.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



Líkamlegar refsingar eru víða enn við lýði



Guðrún Helga Jóhannsdóttir
aðstoðarframkvæmdastjóri og leiðtogi erlendra verkefna Barnaheilla

Á Íslandi hefur orðið mikil vitundarvakning og aukin þekking á réttindum barna og jákvæðum uppeldisaðferðum til að styðja og vernda börn. Notkun jákvæðra uppeldisaðferða er komin styttra á veg víða og í Sierra Leóne vinna Barnaheill – Save the Children á Íslandi með foreldrum og kennurum í þjálfun jákvæðra uppeldisaðferða.

Í Sierra Leóne er líkamlegum refsingum beitt. Þar má nefna að

láta börn labba á hnjúnum í heitum sandi, borða heitan leir, slá með beltí og neita börnum um mat. Börn eru látin bera þunga hluti, eins og til dæmis stóra vatnsdalla sem eru alltof þungir miðað við stærð þeirra. Ef börnin missa vatnið er þeim refsað með barsmiðum. Börnin þurfa að ferðast langan veg á morgnana til að komast í skóla, sum yfir hættulegar ár. Ef börnin mæta of seint í skólann mæta þau barsmiðum, fá ekki að koma inn í stofuna til að taka þátt í kennslustund dagsins og eru send aftur heim til sín.

Heima er líkamlegum refsingum einnig beitt og börnin eru látin vinna langa vinnudaga. Ef þau sinna ekki vinnunni eða gera hana illa eru þau barin og þeim neitað um mat.

Aissatou, 9 ára, vaknar klukkan 5 á hverjum morgni. Hún byrjar dag-

inn á því að sópa heimilið, þrifa herbergi pabba síns, sækja vatn og þvo upp frá kvöldinu áður. Þegar hún hefur lokið við að þvo upp fer hún í skólann. Hún þarf að ganga langa leið í skólann með tóman maga en skólinn byrjar klukkan 8.30. Þegar hún kemur til baka úr skólanum les hún og eldar svo kvöldmat með mömmu sinni. Eftir matinn sinnir hún heimanáminu með aðstoð lítills vasaljóss sem hún fékk í gjöf frá Barnaheillum. Vasaljósið er keyrt með sólarorku.

Mikilvægt er að foreldrar og þeir sem vinna með börnum fái fræðslu og þjálfun í að beita jákvæðri nálgun í uppeldi og að hætta líkamlegum refsingum. Líkamlegar refsingar eru brot á réttindum barna og hjálpa ekki til við að byggja upp sterka einstaklinga. ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



Má ræða viðkvæm mál eða eiga þau að liggja í þagnargildi?



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndunar-
sinni

Eins og allir vita, samanstendur samfélagið af margvíslegum hópum, og er mér vel við flesta, enda fjölbreytileiki eitt af einkennum sköpunarverksins, náttúrulegur og eðlilegur.

Flest, sem mönnum er áskapað, er því fyrir mér eðlilegt, og vita flestir, að menn skapa sig ekki sjálfir og fá mest af því, sem þeir eru og einkennir, eðli og hneigðir, í vöggugjöf. Genin og erfðamengið ráða för.

Í síðustu viku skrifaði ég grein hér í blaðið undir fyrirsögninni „Yfirkeyrd gleði – fólk eins og við hin“. Í rauninni sagði þessi fyrirsögn strax tvennt: 1. Að mér fyndist „gleði“ hinsegin fólks stundum yfirkeyrd. 2. Að ég liti á hinsegin fólk og trans-fólk nákvæmlega eins og á alla aðra samfélagshópa; eins og okkur hin.

Ég færði rök fyrir punkti 1, sem ég hygg, að ekki séu fjarri lagi, enda hefur enginn andmælt þeim, og punktur 2 ætti ekki að styggja neinn, því hann staðfestir það sjónarmið mitt, að allir séu jafnir og ættu sama rétt.

Ég tók dæmi, þar sem ég nefndi aðra hópa, t.a.m. örvhenta, en ég tel einmitt að hópur örvhentra sé fyllilega sambærilegur við hinsegin fólk, en það skýrist af því, að örvhentir fæðast með hneigð til að beita höndunum til hreyfinga og athafna með öðrum hætti, en þorri manna, á sama hátt og hinsegin fólk hefur sín sérkenni.

Það er reyndar athyglisvert, að þessir hópar eiga ýmislegt sameiginlegt, eins og það, að vera sérlega listhneigðir.

Hvernig gat þessi, að mér fannst, hlutlæga og líffræðilega greining, farið fyrir þrjústíð á fólk?

Hún gerði það samt greinilega. Ég fékk víða skömm í hattinn fyrir þessa grein, og var ég ásakadur um, að gera árás á hinsegin fólk og grafa undan réttindabaráttu þess.

Sérstaklega var ég gagnrýndur fyrir að skilja ekki vilja hinsegin fólks og transfólks til að vera „sýnileg“. Hér bera að skilja „sýnilegur“ sem greinilegur, áberandi.

Góð og gegn kona skrifaði mér, þegar ég sagði, að erfitt væri að rök-ræða við fólk, sem stjórnadist af tilfinningum eða samúð: „Ómögulegt að rökkræða við þig um þá tilfinningu þína að hinsegin fólk sé of sýnilegt.“

Hún taldi það, sem sagt, mikilvægt fyrir hinsegin fólk að vera „sýnilegt“.

Þessu svaraði ég þannig, að, ef ég væri ráðgjafi hinsegin fólks, myndi ég ráðleggja þeim þetta:

- Forðist, að vera of sýnileg, láta of mikið á ykkur bera og berjð bumbur ykkar hóflega.
- Því, með slíku eruð þið sjálf að skera ykkur úr, gera ykkur að sérstökum hópi.
- Leggjið heldur áherzlu á, að ganga inn í samfélagið og sameinast því, með hljóðlegum og mjúkum hætti, renna inn í það án hávaða og láta, en standið þó fast á rétti ykkar, ef/þegar á hann reynir.

Önnur góð kona sagðist ekki skilja mína nálgun; hvað ég væri að fara með þessum skrifum.

Svarið er, að ég tel hinsegin fólk bara venjulegt fólk, og sé enga ástæðu til að vera að hampa því sérstaklega. Nær hefði t.a.m. verið fyrir Reykjavíkurborg að byggja fleiri rampa fyrir hjólastólafólk, en að mála götur og stræti hinsegin fólk til heidurs.

Þegar samfélagið er skoðað, má greina marga hópa, sem allir hafa sín sérkenni, vegna sinna erfðamengja og gena, en eiga samt fullan rétt á að falla inn í samfélagið og vera fullgildir samfélagsþegnar:



Við lifum sem betur fer í frjálsu samfélagi, þar sem allir hafa rétt á að hafa skoðun og tjá hana. Ég er að nýta mér þann rétt.

Það er ekkert réttlæti í því, að taka þarna einn hóp út úr og hampa honum sérstaklega af opinberum aðilum, sveitarstjórnnum, skólum, kirkjum, fyrirtækjum o.s.frv. Sérstaklega finnst mér réttur opinberra aðila til þessa orka tvímælis.

Til að svara því, hvað mér gangi til með þessum skrifum, þá eru punkt-

arnir þessir: 1. Að sýna fram á, að hinsegin fólk og transfólk er eins og við hin. 2. Það verður að gilda jafnvægi og jafnrétti milli allra hópa. 3. Hinsegin fólk er ekki að styrkja sína stöðu með því að vilja vera „sýnilegt“. 4. Kynferðislegir tilburðir hinsegin fólks í gleðigöngum og öðru eiga ekki við. 5. Kynferðismál ættu að vera einkamál manna.

Við lifum sem betur fer í frjálsu samfélagi, þar sem allir hafa rétt á að hafa skoðun og tjá hana. Ég er að nýta mér þann rétt, eins og ég geri oft, og vona ég, að menn geti metið þetta innlegg í umræðuna út frá skynsemi og yfirvegum, en láti ekki stjórnast af tilfinningasemi eða ógrundaðri samúð.

Hafi ég sært einhverja með þessum hugleiðingum mínum og skrifum, þá biðst ég fyrirgefningar á því. ■

Suðurlandsflugvöllur er málið



Guðjón Sigurbjartsson
viðskipta-
fræðingur úr
Þykkvabænum

Gallarnir við flugvöll í Hvassahrauni eru augljósari en áður vegna eldsumbrotanna á Reykjanesi. Því þarf að skoða upp á nýtt hvar best er að staðsetja á miðstöð innanlandsflugsins og aðalvaraflugvöll fyrir alþjóðaflugíð fyrir góða þróun landsins.

Reykjavíkflugvöllur

Flugvöllurinn gegnir í aðalatriðum eftirfarandi hlutverki:

- Miðstöð innanlandsflugs, einkaflugs, kennsluflugs, sjúkra-, björgunar- og löggæsluflugs.
- Varaflugvöllur fyrir alþjóðaflugvöllinn á Miðnesheiði ásamt Egilsstöðum og Akureyri.

Með væntanlegri tilkomu hágæða almenningssamgangna, Fluglestar og Borgarlínu, er nærtækt að flytja miðstöð innanlandsflugsins á Miðnesheiðina. Hins vegar þarf að finna góða staðsetningu fyrir aðalvaraflugvöll alþjóðaflugsins.

Hvassahraun

Hagfræðistofnun HÍ hefur metið þjóðhagkvæmni þess að leggja af Reykjavíkflugvöll og byggja í staðinn flugvöll í Hvassahrauni yfir 100 milljarða króna á núverandi sem

felst mest í verðmætu byggingarlandi sem losnar. Það er loftslagsvænt og gott fyrir gæði og öryggi lífsins í borginni.

Helstu kostir Hvassahrauns eru nálægð við höfuðborgarsvæðið. Það sem hins vegar mælir gegn Hvassahrauni er:

- Náttúruvá svo sem eldvirkni getur truflað starfsemina á Miðnesheiði og í Hvassahrauni á sama tíma.
- Staðirnir eru á svipuðu veðursvæði.
- Samgöngutenging við höfuðborgarsvæðið er sú sama.
- Ógnar mikilvægum vatnsbólum.

Frá öryggissjónarmiði og langtíma hagkvæmnissjónarmiðum er líklega betra að hafa aðalvaraflugvöllinn fyrir alþjóðaflugíð í annarri átt frá höfuðborgarsvæðinu.

Hágæða almenningssamgöngur REY-KEF

Samfélagslegur ábati af háhraða fluglest REY-KEF hefur verið metinn á 40-60 milljarða króna. Borgarlínan gæti tekið við fólk í Hafnarfirði eða þar sem þætti henta. Fluglest er talin hagkvæm sem einka-, opinber-, samvinnuframkvæmd (PPP). Hún er umhverfisvæn, þægileg, ódýr og góð aðkoma að landinu.

Með þessum væntanlegu hágæða almenningssamgöngum er nærtækt að sameina meginstarfsemina sem nú er á Reykjavíkflugvelli við alþjóðaflugíð á Miðnesheiði.

Hvað sjúkraflug varðar þarf á næstu árum hvort sem er að nýta sjúkrapyrflur í vaxandi mæli. Þær



Flugvöllur á Suðurlandi myndi styrkja landsbyggðina og landið allt. Hann myndi gera ferðafólki kleift að fara lengra til austurs og norðurs.

geta lent nánast hvar sem er nálægt slystað og sjúkrahúsi. Með þeim styttest líka viðbragðstími sem bjargar mannlífum og bætir heilbrigðisþjónustuna mjög.

Með hágæða almenningssamgöngum getur kennslu- og einkaflug flust á Miðnesheiðina eða í Mosfellsbæ ef vilji er til að stækka flugvöllinn þar.

Suðurlandsflugvöllur

En þá er það aðalmálið. Það þarf nýjan varaflugvöll fyrir alþjóðaflugíð á Suðvesturlandi. Það er óhagkvæmt og slæmt fyrir loftslagið að hafa aðalvaraflugvöllinn langt frá aðalflugvelli. Samt þarf hann að vera á öðru veðurfars- og náttúruvársvæði og helst með aðra samgöngutengingu við aðal þéttbýlið á SV-horninu en aðalflugvöllurinn.

Suðurland í nágrenni Selfoss er augljós kostur í þessu sambandi.

Um 90% erlendra ferðamanna fara Gullna hringinn og margir, sérstaklega þeir sem eru að koma í annað eða þriðja sinn til landsins, munu væntanleg nýta sér að koma beint á Suðurland. Bretar settu þar niður flugvöll á sínum tíma.

Suðurland er heppilegasta svæði landsins til að taka við auknu þéttbýli þegar þrengist um á höfuðborgarsvæðinu. Það sést líka á hraðri uppbyggingu Selfoss og nágrennis undanfarin ár.

Flugvöllur á Suðurlandi myndi styrkja landsbyggðina og landið allt. Hann myndi gera ferðafólki kleift að fara lengra til austurs og norðurs, ekki síst ef til koma heilsárs hálandisvegir síðar. Byggja mætti Suðurlandsflugvöll með PPP fyrirkomulagi af lendingargjöldum því hann fengi talsverða notkun.

Mikill ávinningur fyrir landsmenn

10 milljónir manna fóru árlega um Keflavíkflugvöll fyrir Covid og útlit er fyrir að flugið sé að ná sér eftir faraldurinn. Því er spáð að alþjóðaflug muni vaxa um 5-10% á ári næstu áratugi. Fjöldi ferðamanna til landsins mun því vaxa mikið og þörf er á góðum valkosti við aðalflugvöllinn á Miðnesheiði.

Stjórnvöld þurfa því að láta greina þessi mál vel og fá til þess mjög hæft fagfólk víða að, áður en ákvarðanir eru teknar. Leita þarf hagkvæmra, umhverfisvænna og örugga kosta. Það þarf að horfa á stóra samhengið fyrir landið og loftslagið, til langs tíma.

Það hafa verið gerðar vandaðar úttektir af minni ástæðum. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 31. ágúst 2022



Unnur Sara gleður gesti og gangandi í Hafnarfirði með franskri tónlist á föstudaginn. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Frönsk veisla með Unni Söru

jme@frettabladid.is

Söngkonan Unnur Sara Eldjárn, ásamt Bisous bandinu, ætlar að gleðja gesti og gangandi með stuttum fríum tónleikum á fjórum vel völdum stöðum í Hafnarfirði á föstudaginn.

Unnur Sara hefur lengi haft sterkar tilfinningar til Frakklands og gefið út tvær breiðskífur með tónlist sinni, Unnur Sara syngur Gainsbourg, árið 2018, og Bisous, árið 2020. Þar má heyra vinsæl lög frá sixtís-tímabilinu í Frakklandi frá flytjendum og höfundum á borð við Serge Gainsbourg, Françoise Hardy og France Gall.

Býr í Frakklandi

Unnur Sara er nú búsett í Suður-Frakklandi og vinnur í nýju sóló-efni undir listamannsnafninu Sara Océan. Bisous-bandið skipa að þessu sinni þeir Daniel Helgason á gítar, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Þorvaldur Kári Ingvaldason á trommur. Verkefnið er styrkt af Hafnarfjarðarbæ og starfslaunum listamanna.

Tónleikastaðirnir

- Líkamsræktarstöðin Kvemma-styrkur, Strandgötu 33, kl. 11.30.
- Brikk, Norðurbakka 1b, kl. 13.30.
- Bókasafn Hafnarfjarðar, Strandgötu 1, kl. 15.30.
- Sundhöll Hafnarfjarðar, Herjólfs-götu 10b, kl. 16.30. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Vilborg Arna sleit krossband fyrir tveimur árum og við tók ströng endurhæfing. Hún byrjaði að taka inn kollagenið frá Feel Iceland samhliða endurhæfingunni og náði sér að fullu. Hennar eina eftirsjá er að hafa ekki byrjað að nota það fyrr.

MYNDIR/ABSENDAR

Kollagenið fór með á toppinn

Vilborg Arna Gissurardóttir, fjallagarpur og pólfari, hefur notað kollagenið frá Feel Iceland með góðum árangri undanfarin tvö ár. Fyrir tveimur árum sleit hún krossband og byrjaði í kjölfarið að taka inn kollagen samhliða endurhæfingu eftir misheppnaða aðgerð. **2**



Vilborg Arna hefur nú náð bata og er nýkomin heim úr ferð um háfjöllin í Pakistan. MYND/ADSEND

„Ég var með mjög flókin hnémeiðsli. Ég fór í aðgerð sem gekk ekki sem skyldi, fékk taugaskaða í kjölfarið og þurfti að vera mjög lengi á hækjum. Ég þurfti meira að segja að fara í gönguþjálfun því ég missti allt vöðvaminni. Allt sem ég kunni í íþróttum þurfti ég að læra upp á nýtt. Líkaminn mundi ekki hvernig átti að labba eða framkvæma allt sem ég geri í mínum íþróttum sem tengist fótunum. Ég þurfti að fara í mjög stranga sjúkraþjálfun og aðra aðgerð. Ég byrjaði að taka kollagen samhliða þessu, sem hluta af minni endurhæfingu.“ útskýrir Vilborg Arna.

„Þegar ég lenti í þessum meiðslum og þurfti að fara í endurhæfingu fór ég að kynna mér mjög vel hvað fólk í minni aðstöðu hefði verið að gera og hvernig. Það var endurtekið stef í öllu því sem ég las að kollagen hjálpar við endurhæfingu á hnám, liðum og bara öllum líkamanum. Þannig að ég fór beinustu leið og keypti mér dollu af kollageni frá Feel Iceland og tók með mér til Slóveníu þar sem ég bý. Mér finnst kollagenið styrkja mig og styðja mig í því sem ég er að gera í sjúkraþjálfun og æfingum.“

Vilborg Arna bætir við að hún hafi orðið vör við auka bónus við inntöku kollagensins sem hún hafði ekki sérstaklega reiknað með.

„Ég var að koma úr leiðangri núna frá háfjöllunum í Pakistan. Þetta er í fyrsta sinn núna sem ég kem heim úr leiðangri og er ekki öll skrölluð í húðinni. Oft þegar ég kem heim úr leiðangri þá tekur það smá tíma fyrir húðina að jafna sig. Ég finn alveg á húðinni að ég er búin að vera úti. Þetta var þess vegna alveg kærkominn bónus

77 Kollagenið er það mikilvægt að ég tók það með mér á hæstu tindana.

Vilborg Arna Gissurardóttir

núna, að vera komin heim og vera bara góð í húðinni.“

Partur af minni rútínu

Vilborg Arna segir að oft hafi hún tekið inn einhver bætiefni í törnum eins og þegar hún er að undirbúa sig fyrir eitthvað sérstakt.

„En kollagenið er bara orðið partur af minni rútínu og ég ætla að halda áfram að taka það inn. Ég hef bæði tekið inn töflurnar og duftið. Ég byrjaði á að taka inn töflurnar og tók þær þá bara með vítamíninu mínu en svo kynntist ég duftinu og ég tek það núna. Alla morgna í leiðangrinum sem ég var að koma úr núna byrjaði ég á að drekka kaffi með duftinu út í,“ segir Vilborg Arna og bætir við aðspurð að það hafi engin áhrif á bragðið af kaffinu.

„Það var mjög gott fyrir mig að hafa eitthvað til að setja út í kaffið.



Kollagenið fór með í bakpokanum upp á hæstu tindana.

Ég er nefnilega með mjólkuróþol og drekk alltaf kaffi með veganmjólk. En það er ekki hægt að fá hana alls staðar uppi á fjöllum í Pakistan svo það var þess vegna eitthvað salrænt fyrir mig að hafa eitthvað í staðinn til að setja út í kaffið mitt,“ segir hún hlær. „Við vorum líka með þurr-djúsa með okkur í ferðinni og ég blandaði stundum kollageninu út í þá. Það skemmir bragðið ekkert.“

Kollagenið fór aldrei úr bakpokanum

Vilborg Arna útskýrir að í fjallaferðum þurfi oft að létta farangurinn því herra sem komið er. En kollagenið fór aldrei úr bakpokanum.

„Ég drakk það ekki bara í grunnbúðunum. Því herra sem maður fer á fjöllin, því meira reynir maður

alltaf að spara við sig vigt, en þetta fór alltaf ofan í bakpokann minn. Kollagenið er það mikilvægt að ég tók það með mér á hæstu tindana,“ segir hún.

Vilborg Arna segist alltaf taka kollagen með sér heim til Slóveníu eftir að hafa verið á Íslandi.

„Ég er oft á Íslandi svo ég hef bara keypt kollagenið þar. Svo er ég líka svo heppin að fá stundum gesti sem koma með það handa mér. Ég mæli hiklaust með því að taka inn kollagen. Ég byrjaði að nota það eftir meiðsli, en nú er mjög mikið af aktívu fólki sem æfir margar íþróttir. Til dæmis í útivistargeiranum eins og ég. Það er kannski að taka alls kyns áskoranir eins og Landvættina, Þríþraut og alls kyns fjallgönguáskoranir. Ég held það sé ekki síður mikilvægt fyrir það fólk

að taka inn kollagen,“ segir hún.

„Fyrir okkur sem erum kannski komin af léttasta skeiði og höfum verið að vinna á líkamanum okkar til lengri tíma, að nota það sem stuðning. Ég held það sé gott fyrir okkur að nota kollagen til að fyrirbyggja meiðsli og hjálpa líkamanum að takast á við erfiðni sem hann stendur frammi fyrir. Ef ég myndi breyta einhverju, þá væri það að byrja fyrir að taka inn kollagen.“ ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars í Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Apótekanum, Frihöfninni, Jurtaapótekinu og Nettó. Nánari upplýsingar á feeliceland.com

Öflugir mjólkursýrugerlar fyrir alla fjölskylduna

Þarmaflóran spilar lykilhlutverk í lífi okkar og heilsu og hefur mikið að segja um heilsufar frá fæðingu til efri ára, jafnt líkamlega sem andlega.

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra staðsettar í ristlinum. Þessar bakteríur köllum við þarmaflóru en þær sinna ýmsum afar mikilvægum hlutverkum í líkamanum. „Öflug þarmaflóra er forsenda heilbrigðrar starfsemi meltingarfæranna ásamt því að hafa góð áhrif á ónæmis-, tauga- og hormónakerfið. Þarmaflóran ver okkur jafnframt gegn óæskilegum örverum og sýklum og hefur margs konar jákvæð áhrif á heilsu okkar almennt. Til þess að viðhalda öflugri flóru er mikilvægt að tileinka sér hollt og gott mataræði ásamt því að innbyrða reglulega mjólkursýrugerla í formi bæti-efna,“ segir Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti.

Vöndum valið

Mjólkursýrugerlar eru hluti af örlífverum þarmanna en þeir eru eins ólíkir og þeir eru margir og með mismunandi virkni. Mjólkursýrugerla má finna í fæðu og meltingarvegi mannsins en þeir hafa heilsueflandi áhrif á líkamann með því að efla meltingu og frásog næringarefna. Þegar velja á mjólkursýrugerla til inntöku er ekki úr vegi að skoða magn gerla sem hvert hylki inniheldur sem og virkni og eru því gerlarnir frá Probi AB kjörin viðbót en þeir innihalda 10 milljarða lifandi mjólkursýrugerla í hverju hylki.

Einkaleyfisvarðir mjólkursýrugerlar

Sænska fyrirtækið Probi AB var stofnað fyrir 30 árum í kringum merkilega uppgötvun á mjólkursýrugerlinum *Lactobacillus plantarum* 299v. Gerillinn sýndi sig vera sérlega harðger og hefur eiginleika til að fjölga sér í meltingarvegi og styrkja þar með varnir okkar og draga úr óþægindum tengdum maga og meltingu.

Probi AB er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum og með alheimseinkaleyfi á LP299V gerlinum, ásamt því að vera þeir einu sem innihalda gerilinn í vörum sínum á Íslandi. Probi-vörurnar eru fjórar talsins og eiga þær allar



Þorbjörg Hafsteinsdóttir mælir með Probi Mage mjólkursýrugerlum fyrir fólk á öllum aldri.

MYND/ADSEND



sameiginlegt að hafa jákvæð áhrif á þarmaflóruna og koma í veg fyrir meltingarþægindi. Því má segja að allir í fjölskyldunni geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Probi mjólkursýrugerlar

Probi Family inniheldur sérvalda samsetningu af tveimur einkaleyfisvörðum gerlum, *Lactobacillus plantarum* HEAL9 og *Lactobacillus paracasei* 8799:2 ásamt fólasi, D-vítamíni og B12-vítamíni sem styður við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Probi Family eru bragðgóðar tuggutöflur sem henta allri fjölskyldunni frá þriggja ára aldri.

Probi Mage inniheldur gerilinn *Lactobacillus plantarum* 299V sem hefur eiginleika til að fjölga sér í meltingarvegi og hefur þar af leiðandi það að markmiði að draga úr óþægindum tengdum maga og meltingu. Probi Mage hentar börnum eldri en 6 mánaða en hægt er að opna hylkin og bæta meðal annars út á grautinn.

Járnblandan frá Probi inniheldur jafnframt gerilinn *Lactobacillus plantarum* 299v ásamt járni, fólínsýru og C-vítamíni sem stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og eykur upptöku járns. Probi járn hefur það að markmiði að auka upptöku járns og er milt fyrir meltingarkerfið, formúlan hentar barnshafandi konum.

Byltingarkennd nýjung frá Probi fyrir þau allra yngstu

Probi Baby er glæný vara frá Probi en það eru sérhannaðir mjólkursýrugerlar fyrir þarfir barna. Varan inniheldur mjólkursýrugerilinn *Lactobacillus Rhamnosus* 271 sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir meltingarþægindi hjá börnum. Tilteknir góðgerlar hafa, umfram aðra, mótstöðu gegn bakteríudrepandi áhrifum sýklalyfja og komast því lifandi niður meltingarvegin án þess að lyfin hafi mikil áhrif á þá. Probi Baby mjólkursýrugerlarnir eru á duftformi sem hentar afar vel í grautinn eða drykkinn, auk þess að vera afar hentugir á ferðinni. ■

PROBI: FJÖLSKYLDAN



Bílar & Farartæki



7/2022 óekin VW ID5 GTX 4x4 300 hð. rafmagnsbíll Eigum nokkra líti til afhendingar strax. 77 kWh batteri uppgefin drægni 493 km. Það er margra mánaða bið eftir svona bíl svo nú er tækifæri að ná í bíl áður en þeir hækka um 1.5 milljón í verði í vetur. Verð: 8.590.000,-

Þjónusta

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum, öll almenn málningarvinna og sprunguviðgerðir. Fáðu frítt verðtilboð. GH málarar lögg. málarar s. 847 2024 geir7@yahoo.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

ÚTBOD

Ný útbod í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Breiðholtsskóli – Breytingar á smíðastofu og hátíðarsal, útbod nr. 15637
- Vogabyggð 1. Stefnisvogur – Gatnagerð og lagnir, útbod nr. 15640

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1 Deiliskipulagsbreyting - Skógarflöt L203345

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. ágúst 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Skógarflöt L203345 (Byggðarhorn 9). Breytingin felur í sér að stofnuð verði ný lóð, og skilgreindur byggingarreitur auk byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, allt að 300m², bifreiða- og vélageymslu, allt að 250m² og hesthúsi allt að 200m². Nýtingarhlutfall að 0,15. Mesta þakhæð allt að 8,0m. Pakhalli 0-45 fráður. Sömu skilmálar gilda fyrir núverandi lóð.

2 Deiliskipulagsbreyting – Árvegur 1 HSU

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. ágúst 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Árveg 1, (Heilbrigðisstofnun Suðurlands). Breytingin felur í sér áform um stækkun á húsnæði HSU. Núgildandi byggingarreitur A og A-2, munu sameinast í einn sem byggingarreitur A. Viðbótar byggingarmagn við áður samþykkt áform er um 1.800m². Annars gilda áður samþykktir skilmálar frá deiliskipulagi í apríl 2018.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá **31. ágúst 2022 til og með 12. október 2022.**

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með **12. október 2022.**

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærnanleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR



MARKAÐURINN



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00 OG 21.00


Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



markadurinn.is



HRINGBRAUT





Kvinnalandsliðið þurfti að æfa innan dyra í gær vegna veðurs á höfuðborgarsvæðinu. Liðið er nú í dauðafæri á að komast í fyrsta sinn í sögunni inn á Heimsmeistaramótið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Erfitt að segja nei við PSG



Aron Guðmundsson aron @frettabladid.is

Berglind Björg Þorvaldsdóttir, atvinnu- og landsliðskona í knattspyrnu, hefur í nægu að snúast þessa dagana. Hún er hluti af landsliðshópi Íslands sem á fram undan úrslitaleiki í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu og þá skrifaði hún nýlega undir samning við franska stórveldið Paris Saint-Germain.

FÓTBOLTI Berglind var áður á mála hjá norska félaginu Brann en eftir aðeins nokkra mánuði í herbúðum félagsins kom kallið frá Paris þar sem hún skrifaði undir tveggja ára samning. Berglind segir, í samtali við Fréttablaðið, að aðdragandinn að félagsskiptunum hafi verið stuttur.

„Fórnádamenn félagsins höfðu samband við mig fljótlega eftir Evrópumótið. Ég heyrði náttúrulega af áhuga PSG á mér í fyrra og félagið reyndi að fá mig en það gekk ekki upp. Nú gekk þetta upp og ég er bara mjög ánægð með að vera orðin leikmaður þessa stóra félags.“

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Berglind spreytir sig í Frakklandi.

Hún var á mála hjá Le Havre þar í landi frá 2020 til 2021. Hún segir góða tilfinningu fylgja því að snúa aftur til Frakklands.

„Mér hefur alltaf liðið vel í Frakklandi en fyrst og fremst er það bara ótrúlega spennandi fyrir mig að vera mætt aftur í frönsku deildina. Hún er mjög skemmtileg og sterk. Nú er ég bara að reyna að koma mér almennilega fyrir þarna úti, leita mér að íbúð og öllu því sem þessum félagsskiptum fylgir. Ég fór strax í æfingaferð með liðinu til Barcelona en ég hef þá allavegana verkefni fyrir höndum þegar landsliðsverkefninu lýkur.“

Hún segir það hafa heillað sig mest að hafa tækifæri til að spila fyrir jafn stórt félag og Paris Saint-Germain er, sannkallað stórveldi í evrópska boltanum.

„Það er erfitt að segja nei við félag eins og PSG. Þetta gerist í raun og veru ekki stærra. Þetta er félag sem vill berjast um alla titla sem í boði eru bæði í Frakklandi sem og í Meistaradeild Evrópu. Þá hefur liðið frábærum leikmönnum á að skipa. Ég veit að ég mun bæta minn leik úti.“

Skilja sátt eftir krefjandi tíma

Tími Berglindar hjá Brann fór ekki eins og vonir stóðu til. Hún var mikið meidd þessa mánuði sem hún var á mála hjá félaginu, eitthvað sem hryggir hana nú þegar hún lítur yfir farinn veg.

„Við enduðum hins vegar okkar



Þetta gerist í raun og veru ekki stærra. Þetta er félag sem vill berjast um alla titla sem í boði eru.

samstarf í góðu. Auðvitað er það erfíð staðreynd að kyngja að ég var meidd stóran hluta af tíma mínum hjá félaginu og hvað mig persónulega varðar þykir mér það leitt að hafa ekki náð að gefa meira af mér fyrir félagið og liðið. Svona er boltinn hins vegar og maður veit aldrei hvað næsti dagur ber í skauti sér.“

Þó svo Berglind eigi eftir að setja sér persónuleg markmið fyrir tímanna hjá PSG eru markmiðin hjá liðinu skýr. „Fyrst og fremst vil ég bara hjálpa liðinu að vinna titla. Fram undan eru spennandi tímar og ég hlakka til að hefja þetta verkefni á fullu með félaginu.“

Áður en hún gerir það eru tveir mikilvægir leikir hjá íslenska kvinnalandsliðinu í undankeppni HM sem biða. Ísland er í öðru sæti síns undanriðils, tveimur stigum á eftir Hollandi. Ísland á hins vegar eftir að spila tvo leiki á meðan Holland á aðeins einn leik óspilaðan.

Sá er einmitt innbyrðis viðureign liðanna tveggja.

Full einbeiting á verkefninu

Ísland mætir Hvíta-Rússlandi hér heima á föstudag, í leik þar sem stelpurnar okkar ættu að vera sigurstranglegrí aðilinn. Vinni þær leikinn verða þær fyrir ofan Holland þegar liðin mætast innbyrðis á þriðjudag. Það myndi þýða að Ísland yrði með pálmann í höndunum fyrir þann leik. Jafntefli eða sigur myndi duga til þess að vinna riðilinn og tryggja sér farseðil beint á HM í Ástralíu og Nýja-Sjálandi á næsta ári. Sigrí Holland vandast hins vegar málið. Þá þarf Ísland að fara í umspil um sæti í lokakeppninni.

„Við komum gríðarlega vel inn í þetta verkefni,“ segir Berglind. „Fram undan er verkefni sem við erum spenntar fyrir, þetta er í okkar höndum og við ætlum okkur þetta HM-sæti.“

Hún segir það ekki trufla liðið að síðari leikur liðsins, gegn Hollandi, sé sá leikur sem á endanum öllu skiptir.

„Nei, þetta truflar okkur ekki. Nú erum við bara með fulla einbeitingu á leiknum gegn Belarús, þær eru finar í fótbolta og ég býst við gríðarlega erfíðum leik. Við getum ekki leyft okkur að horfa lengra en akkúrat bara á þann leik fyrst, við verðum að klára hann og í kjölfarið getum við leyft okkur að hugsa um leikinn við Holland.“ ■



Fram undan er verkefni sem við erum spenntar fyrir, þetta er í okkar höndum og við ætlum okkur þetta HM-sæti.

Á góðum stað og liggur ekkert á að reyna fyrir sér erlendis

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfari ríkjandi Íslands- og bikarmeistara í Víkingi Reykjavík, framlengdi í gær dvöl sína hjá félaginu út tímabilið 2025. Víkingar hafa undanfarin ár klifraði upp metorðastigann í íslenskri knattspyrnu og nú berst félagið um titla. Vegferð Arnars með liðið hefur hins vegar ekki alltaf verið dans á rósum.

Það er á erfíðu tímunum sem hefur reynt á samstarf Víkinga við Arnar en þá hefur stjórn félagsins haft trú á þeirri vegferð sem hann er á með liðið, það hefur nú skilað sér í glæstum árangri.

„Það er ótrúlegt að finna fyrir þessu trausti,“ segir Arnar í samtali við Fréttablaðið eftir að hafa

framlengt dvöl sína hjá Víkingi Reykjavík. „Stjórn félagsins á stóran þátt í þessari velgengni okkar. Þegar maður finnur þennan samhljóm í vinnunni sinni, og það er sama hvort það er í fótbolta, endurskoðun eða lögfræði, þá liður manni bara það vel að maður finnur enga ástæðu til að breyta til.“

Á fyrri hluta tíma Arnars með liðið reyndi virkilega á þolinmæði bæði stjórnar og stuðningsmanna en stjórn félagsins sýndi því skilning og hafði trú á hugmyndafræði þjálfarans.

„Ég hef alltaf sagt að það reyni aldrei á hugmyndafræði og leikerfi þjálfarans fyrir en illa gengur, þá virkilega fara menn að hvísla. Þá þarf þjálfarinn að hafa tiltrú stjórnarinnar með sér og sem betur

fer hafði ég það þegar illa gekk hjá okkur.“

Árangri fylgir athygli og Arnar segist hafa heyrt af áhuga annarra knattspyrnufélaga. „Það er bara hluti af þessum leik okkar. Þegar það gengur vel, hvort sem þú ert leikmaður eða þjálfari, þá er alltaf verið að tala um það hvað gæti gerst og tilboð fara að berast. Auðvitað hef ég metnað fyrir því að reyna fyrir mér erlendis en mér liggur bara ekkert á. Ég er hjá félagi núna sem býður mér upp á að berjast um titla, hjálpa leikmönnum og þróa unga leikmenn. Það eru ekki mörg lið sem bjóða upp á það nema að það séu einhverjar óraunhæfar væntingar sem því fylgi. Á meðan svo er, þá er Víkingi mjög góður staður til að vera á.“ ■



Arnar og Kári Árnason tókust í hendur eftir undirskrift.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RÉTTABALL Á MÖLINNI



STÆRSTI BJÓRGÁMUR Í
EVROPU Á STRÖNUM



Á MÓTI SÓL
& PAPARNIR

24. SEPTEMBER

REIÐHÖLLIN Í VÍÐIDAL

FORSALA HEFST Á PÓSTLISTA TIX.IS Í DAG KL. 12:00

ALMENN SALA HEFST Á FÖSTUDAGINN KL. 12.00 Á TIX.IS

tix.is

prime



Merkisatburðir

- 1944** Íþróttabandalag Reykjavíkur er stofnað.
1945 Tónlistarmaðurinn Van Morrison fæðist.
1987 Michael Jackson sendir frá sér plötuna Bad.
2006 Málverkið Ópið finnst í Osló. Því var rænt tveimur árum fyrr.



Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Karl Sævar Benediktsson

sem lést þann 19. júlí sl. verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 1. september kl. 13.

Helga Steinunn Hróbjartsdóttir

Hróbjartur Darri Karlsson Þórhildur Sveinsdóttir
Bjarni Karlsson Jóna Hrónn Bolladóttir
Árni Heiðar Karlsson
Aldis Ívarsdóttir

og aðrir ástvinir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Margrét Kristín Sigurðardóttir

viðskiptafræðingur,

sem lést á Landspítalanum þann 21. ágúst, verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 5. september klukkan 11.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Kristín Vala Ragnarsdóttir

Halldór Páll Ragnarsson Jóhanna Hulda Jónsdóttir
Sigurður R. Ragnarsson Þórdís Kjartansdóttir
Margrét Dóra Ragnarsdóttir Hjálmar Gíslason
 og barnabörn.



Elskulega eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ágústa Guðmundsdóttir

Brekkustíg 35, Njarðvík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 26. ágúst.

Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju mánudaginn 5. september klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjartavernd.

Sigurjón Torfason

Anna María Sigurjónsdóttir Gunnar Jóhannesson
Ester Sigurjónsdóttir Stefán Magnús Jónsson
Harpa G. Sigurjónsdóttir Húnbogi Þór Árnason
Ásdís Björk, Lilja María, Jóhannes Birkir, Magnea Guðný, Guðrún Ágústa, Eva Sólan, Halldóra Margrét, Hafdís Rán og Jóhanna Hrund



Elskulegi unnusti minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og barnabarn,

Þórður Kárason

þípuþingameistari, Ásbúð 52, Garðabæ,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 24. ágúst.

Útför hans fer fram frá Víðalinskirkju föstudaginn 2. september klukkan 13. Streymt verður frá útförinni: <https://hljodx.is/index.php/streymi> Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á styrktarreiðing barna hans: 0318-26-4662, kt. 1105607379.

Elsa Kristín Auðunsdóttir

Laufey Líf, Anna, Tinna, Sunna og Kári
Anna Þórðardóttir Kári Grétarsson
Grétar Kárason
Laufey Baldvinsdóttir
Auðunn Helgi Herlufsen
Þórður Jónsson
Ásdís Hjörleifsdóttir
 og aðrir ástvinir.



Ingibjörg hefur rekið Yoga Shala frá árinu 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Er þakklæti efst í huga

Ingibjörg Stefánsdóttir jóga-kennari og listakona er fimmtug í dag. Margir Íslendingar þekkja hana eflaust best sem söng- og leikkonu sem meðal annars söng fyrir Íslands hönd í Eurovision.

arnartomas@frettabladid.is

„Það er bara þakklæti sem er efst í huga,“ segir Ingibjörg Stefánsdóttir, jógakennari og listakona, sem fagnar fimmtugsafmæli í dag. „Ég er bara þakklát fyrir að fá að lifa þann dag að fá að vera fimmtug.“

Ingibjörg er ekki mikið afmælisbarn en stefnir þó á að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni tímamótanna.

„Ég hugsa að ég sjái eftir því ef ég geri ekki neitt. Ég ætla þess vegna að hitta góðar vinkonur, fara út að borða með fjölskyldunni og halda svo gott parti seinna.“

Kyrrðin dregur að

Ingibjörg stofnaði jógastöðina Yoga Shala árið 2005 og hefur starfað þar síðan sem kennari og framkvæmdastjóri. Hún segir jógað eiga sinn þátt í að liðka ferli hækkandi aldurs.

„Það var nú einn vinur minn sem grínadist með það að þegar maður stendur



Það var nú einn vinur minn sem grínadist með það að þegar maður stendur mikið á haus þá vinnur þyngdaraflið með manni.

mikið á haus þá vinnur þyngdaraflið með manni,“ segir Ingibjörg hlæjandi. „Þetta snýst kannski ekki beint um útlitid en heldur okkur ungum líkamlega og andlega.“

Jógamenning á Íslandi hefur sprungið út á síðustu áratugum og þurfti Yoga Shala til að mynda að færa sig úr 200 fermetra húsnæði í 600 fermetra. Ingibjörg segir aðsóknina mjög mikla.

„Þegar maður hefur rekið fyrirtæki í svona langan tíma sér maður breytinguna á því hvað fólk þarf. Þegar ég var að byrja var töluvert meira um kraftmeiri jógatíma en núna finnst mér fólk leita meira í kyrrð og ró.“

Það er þó allur gangur á því hvað fólk

vill fá út úr jóganu og úr fjölbreyttum möguleikum að velja. Ingibjörg segir einnig ánægjulegt að sjá hversu mikið hlutur karla í jóga hefur aukist.

„Nú þykir ekkert skritið að mæta í jóga sem karlmaður heldur bara eðlilegur hluti af lífinu hjá rosalega mörgum til að halda heilsu og hlúa að sér.“

Neistinn lifir enn

Margir Íslendingar þekkja Ingibjörgu eflaust best sem söng- og leikkonu, en á tíunda áratugnum söng hún meðal annars fyrir sveitirnar Þís of keik og Sirkus Babalú auk þess sem hún keppti fyrir hönd Íslands í Eurovision 1993 með laginu Þá veistu svarið. Henni tekst enn að vera með annan fótinn í listgreinunum, enda heldur jógað henni líklega liðugri.

„Ég lék í síðustu seríu af Ófærð sem var alveg ótrúlega skemmtilegt. Ég fann það sterkt að þessi neisti er enn þá í mér,“ segir hún. „Svo er ég í kórnum Klíður sem samanstendur af tónlistarfólki sem syngur verk eftir kórmeðlimi. Ég er alveg að syngja fullt.“

Eigum við þá mögulega von á Eurovision-endurkomu í framtíðinni?

„Ekki nema ég semji fyrir einhverja aðra. Hver veit?“ segir hún og hlær. Og þá vitum við svarið. ■



Okkar ástkæra

Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir

dýralæknir,

Skólavörðustíg 35, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 28. ágúst sl. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd systkina og annarra ástvina, Juliette Marion



Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Helga Sigurðardóttir

Ásholti 7, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum, sunnudaginn 28. ágúst. Útför verður tilkynnt síðar.

Ágúst Óskarsson
Óskar Örn Ágústsson Ásta Jenný Sigurðardóttir
Silja Rán Ágústsdóttir Rosi Rolf Rosi
Heiðar Reyrr Ágústsson
 og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, stjúpöður, tengdafaður og afa,

Kjartans Jónssonar

innan hússarkitekts.

Við þökkum fyrir einstaka umönnun og hlýju starfsfólks Krabbameinsdeilda, Krabbameinsfélagsins og Ljössins sem og Rafns Hilmarssonar læknis og Kristínar K. Alexiusdóttur hjúkrunarfræðings.

Helga Sjöfn Kjartansdóttir G. Magni Ágústsson
Margrét Una Kjartansdóttir Kristinn J. Magnússon
Helgi Birgisson Margrét Agnarsdóttir
 og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir og stjúpfaðir,
Sigurgeir Kjartansson
 læknir,

andaðist á heimili sínu 25. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. september kl. 10.00.

Jóhanna G. Halldórsdóttir
Aðalsteinn Sigurgeirsson og fjölskylda
Elin Sigurgeirsdóttir og fjölskylda
Kristin Garðarsdóttir og fjölskylda
Bryndis Garðarsdóttir og fjölskylda
Áslaug Garðarsdóttir og fjölskylda

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



SORGAR
MIDSTÖÐ

Ráðstefna um skyndilegan missi í dag



Guðmundur Ingi Guðbrandsson Félags- og vinnumarkaðsráðherra fjallar um Sorgarorlof, tilurð og hagnýtar upplýsingar

Anton Örn Karlsson deildarstjóri hjá Hagstofunni kynnir tölur og staðreyndir



Stefnir Snorrason varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins flytur erindið Á vettvangi skyndilegs andláts

Elfa Dögg Leifsdóttir verkefnastjóri hjá Rauða krossinum ræðir um sálfræna fyrstu hjálp




Inga Berg Gísladóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis fjallar um viðbragðsáætlun á vinnustað

Kolbeinn Elí Pétursson aðstandandi segir frá reynslu sinni af skyndilegum missi



Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir fagstjóri Sorgarmiðstöðvar kynnir Hjálp48 verkefnið

Freyr Eyjólfsson er fundarstjóri.



Alma Möller Landlæknir og verndari Sorgarmiðstöðvar setur ráðstefnuna.

31. ágúst kl. 13:00 - 16:00
Salur deCODE og í streymi
Skráning á tix.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Sjónin (e) Fróðlegur þáttur um nýjustu vísindi augnlækninga; lasertækni, augasteinaskipti, augnbotnaðgerðir og meðferð við augnþurrki.
- 20.00 Gengið á Alpana (e) Ferðabáttur um leiðangur Íslendinga um ítölsku Alpana.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Players
- 15.30 Black-ish
- 15.55 We Need to Talk About Cosby
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Kenan
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
- 21.05 Transplant
- 21.55 Yellowjackets
- 22.55 Queen of the South
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 FBI. Most Wanted
- 01.10 Yellowstone
- 01.55 The Resident
- 02.40 Dan Brown's The Lost Symbol
- 03.25 In the Dark
- 04.10 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2013-2014 Akranes - Reykjanesbær.
- 14.30 Söngvaskáld Hjalti Þorkelsson
- 15.10 Hvunnagshetjur Guðfinna og Arnar.
- 15.40 Þú ert hér Þórarinn Eldjárn.
- 16.00 Heilabrot
- 16.30 Orðbragð II
- 17.00 Græni slátrarinn
- 17.30 Náttúran mín Dalatangi.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.45 Lag dagsins Bríet - Hann er ekki þú.
- 18.52 Vikinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Með okkar augum Fólki með þroskahömlun vinnur þættina með fagfólki í sjónvarpsgerð.
- 20.35 Mikilsverð skáldverk Danskir þættir þar sem farið er ofan í kjölinn á þekktum dönskum skáldsögum.
- 21.10 Nútímafjölskyldan Þriðja þáttaröð sænskra þátta um flækjurnar sem geta verið í samsettum fjölskyldum.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Louis Theroux: Lífið á ystu nöf Theroux skyggnist aftur í nokkur af þeim málum sem hvað mest hafa hreyft við honum á löngum ferli og hittir fólkið á ný.
- 23.15 Ófærð III
- 00.00 Dagskrárlok

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.15 Manifest
- 10.00 Dýraspítalinn
- 10.30 Your Home Made Perfect
- 11.30 Matargleði Evu
- 11.55 Um land allt
- 12.30 Nágrannar
- 12.55 Ísskápastríð
- 13.30 Einkalífið
- 14.00 Framkoma
- 14.30 Besti vinur mannsins
- 14.55 Lóa Pind. Bara geðveik
- 15.40 Fósturbörn
- 16.15 X-Factor Celebrity
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 LXS Við skyggnumst inn í líf stúlknaþópsins LXS.
- 19.25 10 Years Younger in 10 Days Vandaðir og einlægir lífsstílsþættir í umsjón Cherry Healey sem aðstoðar fólk við að hressa upp á útlitið með áhrifaríkri yngingar-meðferð.
- 20.15 Cheaters
- 21.25 Unforgettable
- 22.10 Girls5eva Einsmellungs stelpuband frá tíunda áratugnum fá nýtt tækifæri til að öðlast frægð.
- 22.40 The PM's Daughter
- 23.05 S.W.A.T.
- 23.45 Absentia
- 00.25 Animal Kingdom

Hinn einstaki Louis Theroux

Hinn breski Louis Theroux hefur fyrir löngu sannað sig sem einn besti en jafnframt sérkennilegasti heimildarmyndagerðarmaður veraldar. Í þáttunum Á ystu nöf sem framleiddir eru af BBC skyggnist Theroux aftur til baka á þau mál sem hreyfðu hvað mest við honum og eru hvað óvenjulegust. Meðal annars fólk sem trúir á fljúgandi furðuhluti og nýnasista frá Kaliforníu. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hnetur
- 5 merki
- 6 í röð
- 8 hugfallast
- 10 óðagot
- 11 draup
- 12 framkvæmt
- 13 þráður
- 15 lítilmenni
- 17 fugl

LÓÐRÉTT

- 1 aflögu
- 2 valdi
- 3 geðleið
- 4 ýtarlega
- 7 ófrægja
- 9 spauga
- 12 litur
- 14 umdæmi
- 16 utan

LÁRÉTT: 1 akörn, 5 far, 6 ab, 8 guggna, 10 as, 11 lak, 12 gert, 13 garn, 15 smásál, 17 trana. LÓÐRÉTT: 1 arfangs, 2 kaus, 3 örg, 4 nánar, 7 baktala, 9 gliensa, 12 grár, 14 amt, 16 án.


Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
			9		7		2	3
7		2						

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
						1		
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



BÍÓBÆRINN

ÖNNUR SERÍA HEFST 7. SEPTEMBER

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT



Hákon Örn Helgason leikur sjálfan sig í sýningunni Jesú er til, hann spilar á banjó.

MYND/EVA ÁGÚSTA ARADÓTTIR

Sveimhuga spæjari í sjálfsleit

LEIKHÚS

Jesú er til, hann spilar á banjó

Hákon Örn Helgason

Tjarnarbíó

Leikstjóri og flytjandi: Hákon Örn Helgason

Leikarar: Almar Blær Sigurjónsson, Andrés Pétur Þorvaldsson, Arnór Björnsson, Jökull Smári Jakobsson og Stefán Þór Þorgeirsson

Dramatúrg: Magnús Thorlacius

Leikmyndahönnun: Raket Andrésdóttir

Tónlist: Inspector Spacetime

Sigríður Jónsdóttir

Leikárið er hafið! Þá er videigandi að kíkja í Tjarnarbíó og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Einn góðan veðurdag er Hákon Örn Helgason á barmi örvæntingar í Vesturbæjarlaug. Hann er á bóla-kafi í langtímabömmur þegar ljúfir banjótónar svífa allt í einu yfir vötnum sundlaugarinnar. Á forlata bekk situr maður, sem minnir hann

á Jesú, í gulri sundskýlu og spilar á banjó. Hákon uppljómast allur. Hver er þessi maður? Af hverju er hann þarna? Finnst manningum þetta ekkert vandræðalegt? Hákon kann ekki við að nálgast tónlistarmanninn, sér síðan strax eftir því og ákveður að hefja rannsókn á málinu.

Hákon Örn er höfundur, leikstjóri og aðalflytjandi verksins sem var útskriftarverkefni hans frá Sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands síðastliðið vor. Sumir þekkja hann kannski sem meðlim í hinum vinsæla uppistandshópi VHS eða spunahópnum Improv Ísland. Hér er á ferðinni endurleikin minning, til að nota hans orð, og svamlar sýningin á mörkum ýmissa listforma. Uppistand, leiksýning, tónleikar, rannsókn...

Leikhús sem rannsóknarstofa

Rannsóknir af öllu tagi eru vinsælar hjá yngra listafólkinu um þessar mundir þar sem sviðslistarformið er teygj og togað til að skoða hin ýmsu málefni, svo sem eittraða karlmennsku, þá ólíklegu hluti sem

fólk geymir í geymslum og sjálfið. En spyrja má hvort leiksviðið hafi ekki alltaf verið rannsóknarstofa fyrir mannlegt eðli. Þarf að skilgreina og setja sviðslistina fram á þennan máta?

Hákon reynir að snúa upp á væntingar áhorfenda í þessum rannsóknarleiðangri með því að brjóta fjórða vegginn, mistakast og taka sjálfan sig ekki of alvarlega. Að sviðsetja sjálfið er tækni sem þarfnast reynslu og þekkingar, ekki eingöngu vettvangur til að flagga öllu því sem þér liggur á hjarta hverju sinni. Nálgunin hér ber vott af yfirborðskennd og kaldhæðni þar sem ekkert er tekið alvarlega, ekki einu sinni sýningin sjálf. Því fylgir ákveðin uppgerð sem birtist í framsetningu og leikstjórn, þó er húmorinn aldrei langt undan.

Upprennandi sviðslistafólk

Almar Blær og Andrés Pétur eru Hákon til halds og traust á sviðinu. Þeir eru sömuleiðis að stíga sín fyrstu skref á atvinnuleiksviði, með viðkomu í Þjóðleikhúsinu og

”

Jesú er til, hann spilar á banjó ber með sér nemendabrag sem er ekki óeðlilegt eða af hinu slæma.

Borgarleikhúsinu á síðasta leikári. Viðvera þeirra á sviði er með ágætum en einkennist einmitt af ofangreindri uppgerð sem má skrifa á leikstjórnina og dramatúrginn. Leynivopn sýningarinnar er þó hinn geðþekki Andre Negrier,

óvæntur og heiðarlegur andvari inn í ógrundaðan heim.

Raket Andrésdóttir hannar leikmyndina og vonandi fáum við að sjá meira frá henni á leiksviðinu. Hönnunin ber með sér skemmtileg einkenni naivisma og naumhyggju, einkar vel heppnuð. Egill Gauti Sigurjónsson, Vaka Agnarsdóttir og Elías Geir Óskarsson, betur þekkt sem hljómsveitin Inspector Spacetime, sjá síðan um tónlistina sem er hressandi viðbót en vannýtt.

Jesú er til, hann spilar á banjó ber með sér nemendabrag sem er ekki óeðlilegt eða af hinu slæma. Ungt listafólk þarf andrými til að prufa sig áfram í listsköpun sinni, leikhúsgestir eru hvattir til að fylgjast með. Listræna vegferðin er löng og strembin, þá er samt ekki nóg að leita til áhorfenda fyrir upplapp heldur þarf að líta í eigin barm og skoða hvað skal gefa þeim. ■

NIÐURSTAÐA: Sveimandi hugleiðingar og góðlátlegt grín einkenna sýningu sem þarf listræna jörð.

Ævintýraópera fyrir alla aldurshópa

tsh@frettabladid.is

Óperan Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur verður frumsýnd í Gamla bíói næstkomandi fimmtudag. Óperunni er lýst sem fullorðins ævintýraóperu og er söguþráðurinn byggður á Mærþöllar sögu, gömlu íslensku ævintýri.

„Það er svo skemmtilegt að það eru svo margar kvenpersónur í þessu ævintýri, þar á meðal þrjár álfkonur. Það er nú þannig bæði í leikritum og óperum að það hallar svo oft á konur, það eru gjarnan miklu fleiri karlhlutverk. Þannig að þegar ég fann þessa sögu þá fannst mér alveg tilvalið að taka hana og vinna með hana tónlistarlega,“ segir Þórunn sem skrifar bæði libretto og tónlist óperunnar.

Þórunn kveðst hafa uppgötvað Mærþöllar sögu í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og fundist hún vera full af skemmtilegum upþákomum og sterkum tilfinningum á borð við gleðni og harm.



Í óperunni Mærþöll koma fram ýmsar skemmtilegar kvenpersónur, þar á meðal þrjár álfkonur.

MYND/EYÞÓR

„Það eru ýmis minni þarna sem maður kannast við úr öðrum ævintýrum, álog, galdrar og afbrýðisemi. Svo finnst mér alltaf svo skemmtilegt með þessu íslensku ævintýri

að það eru oft bara kotungsfólk og hversdagspersónur sem kynnast fólki frá hirðinni, prinsum og líka yfirnáttúrulegum verum eins og álfum.“



Þórunn Guðmundsdóttir

Sönghópurinn samanstendur bæði af reynsluboltum úr óperuheiminum og yngri söngvurum svo sem Bjarna Thor Kristinssyni, Hönnu Dóru Sturludóttur, Eyjólfu Eyjólfssyni, Björk Nielsdóttur, Erlu Dóru Vogler, Gunnlaugi Bjarnasyni, Halldóru Ósk Helgadóttur, Heiðísi Hönnu Sigurðardóttur, Kristínu Sveinsdóttur, Lilju Guðmundsdóttur, Ólafi Frey Birkissyni og Þórgunni Önnu Örnólfsdóttur.

„Það er bara mjög skemmtilegt að sjá þennan hóp vinna saman því það virðast allir geta sýnt sínar sterkustu hliðar. Ég er mjög ánægð með þennan sönghóp og það er valinn maður í hverju rúmi,“ segir Þórunn.

Meðleik á sýningum annast átta manna kammersveit, konsertmeistari er Hildigunnur Halldórsdóttir. Búninga- og leikmyndahönnuður er Eva Björg Harðardóttir og leikstjóri er Bjarni Thor Kristinsson.

Að sögn Þórunnar höfðar óperan bæði til barna og fullorðinna og ætti alls ekki að einskorðast við þá sem eru vanir óperuforminu.

„Við höfum fengið fólk á æfingar og það hafa allir náð að hrífast með myndi ég segja. Þetta er alls ekki þannig að maður þurfi að vera einhver sérfræðingur í óperum til að geta notið þess að koma. Þetta er hugsað fyrir fullorðna en ég er viss að börn geta líka notið þess að koma.“

Þá segir Þórunn einstaklega gaman að fá að sýna óperuna í Gamla bíói þar sem Íslenska óperan sleit barnsskönum. „Okkur finnst fara mjög vel um þessa her-togahöll, þar sem verkið gerist aðallega, í þeirri höll sem Gamla bíó er.“ ■

Ný uppskera
frá Kaliforníu

1.098

kr./kg


Rauð og græn
vínber



**Með þér
í skólanum**

BÓNUS

Verð gildir til og með 4. september eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.





298
kr./stk.

Ketó sósur
325 g
tvær teg.



398
kr./stk.

Verð áður
479 kr.

Bónus ferskt súrdeigspizzadeig



225
kr./stk.

Bónus ferskur flóridasafi
1ltr

198
kr./pk.

**Prótein
snakk**



Popcrop
60 g
tvær teg.



Hámark létt
250 ml
tvær teg.

159
kr./stk.




798
kr./pk.

Egils Kristall
4x 2 ltr kippa
Mexíkó - Límónubragð

**Ódýrustu
kjúklinga-
bringurnar
í Bónus**

1.498
kr./pk.



 **Frosnar kjúklingabringur**
900 g
Danmörk



398
kr./pk.



 **SS folaldahakk**
800 g



419
kr./pk.

Myllu heimilisbrauð
770 g

**100 kr.
lækkun**

Á skjánum



Kevin Costner fer fyrir Dutton-fjölskyldunni í Yellowstone-páttunum.

Dekkri og betri sápa en Dallas

odduraevar@frettabladid.is



Jóhann Leplat
stjórnandi
Kvikmynda-
áhugamanna á
Facebook

„Ég lét loksins verða af því að horfa á Yellowstone-páttar-
aðirnar sem skarta Kevin Costner, einum af mínum uppáhalds leikurum á 10. áratugnum,“ segir Jóhann um Costner sem í Yellowstone leikur John Dutton, höfuð Dutton-fjölskyldunnar sem á eina stærstu bújörð í Bandaríkjunum í Montana.

Þættirnir fjalla um varnarbaráttu fjölskyldunnar gegn landtökutilraunum stjórnvalda og stórra hagsmunaaðila og Jóhann segir ef til vill mega lýsa Yellowstone sem dimmari útgáfu af Dallas.

Þættirnir fjalla um varnarbaráttu fjölskyldunnar gegn landtökutilraunum stjórnvalda og stórra hagsmunaaðila og Jóhann segir ef til vill mega lýsa Yellowstone sem dimmari útgáfu af Dallas.

„Nema þetta er betri framleiðsla, persónusköpunin flóknari og handritasmiðin klókari. Yellowstone er ákveðin sápa en fór þó sem slík vel fram úr væntingum mínum og kom sífellt á óvart með skapandi söguþræði sem ég gat einfaldlega ekki fengið nóg af.“

Vinsældir Yellowstone gátu af sér sjálfstæða, styttri seríu sem, eins og nafnið 1883 ber með sér, rekur sögu Yellowstone þegar fyrsta kynslóð fjölskyldunnar nemur land í hinu villta vestri Bandaríkjana.

„Það má segja að 1883 sé vestri í rómantískum anda Once upon a Time in the West. Vandaðir þættir og mögnuð saga sem eins og Yellowstone fór langt fram úr væntingum.“



Bob Odenkirk leikur Saul í þáttunum sem Jóhann telur þá bestu sem sögur fara af frá upphafi vega.

Saul er bestur

Þá segist Jóhann ekki geta mælt nógu mikið með Better Call Saul. „Sem eru að mínu mati besta sjónvarpsefni fyrr og síðar. Ekkert hefur að mínu mati verið jafn vel skrifað og sagan um Jimmy McGill eða Saul Goodman, lögfræðinginn sem kom fyrst fram í Breaking Bad.“

Ég elska Breaking Bad en þarna finnst mér framleiðendurnir hafa náð að finpússa allt sem þeir gerðu best þar til að skapa eitt besta sjónvarpsefni á gullöld sjónvarpsefnis.


Ég sparaði síðustu seríu þar til allir þættirnir væru komnir en hlakka mikið til að klára þetta stórkostlega meistaraverk,“ segir Jóhann og bætir við að á sjónvarpsgullöld síðustu ára tróni Better Call Saul og fyrstu fjórar seríur Game of Thrones á toppnum. ■

Aldarfjórðungur frá dauða Díönu

Lafði Diana Spencer var aðeins 36 ára gömul þegar hún lést í bílslysi í París á þessum degi fyrir 25 árum. Andlátsfregnin fór sem eldur í sínu um heimsbyggðina sem var meira eða minna öll í áfalli og margir muna enn hvar þeir voru þegar þeir fréttu af dauða prinsessu fólksins á síðasta degi ágúst-mánaðar árið 1997.


toti@frettabladid.is

„Hún skilur gífurlega arfleifð eftir sig og þótt hún hafi nú ekki verið lengi í konungsfjölskyldunni þá hafði hún alveg rosalega mikil áhrif og leiðinlegt að segja það, en það er kannski í dauðanum sem áhrif hennar verða enn meiri,“ sagði Guðný Ósk Laxdal, sem er sérfróð um konungsfjölskylduna, við Fréttablaðið þegar Diana hefði orðið sextug í fyrra. ■



Diana

1961—1997



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

■ **Desember 1992:** Tilkynnt um skilnað Karls og Díönu að borði og sæng.

■ **Ágúst 1996:** Skilnaðurinn gengur í gegn og Diana missir titilinn „hennar konunglega hátign“.

■ **Janúar 1997:** Diana er í Angóla þegar hún hvetur til herferðar gegn notkun jarðsprengja.

■ **Júní 1997:** Uppboð á kjólum Díönu skilar 4,5 milljónum dollara til AIDS- og krabbameinsrannsókna.

■ **31. ágúst 1997:** Diana, unnusti hennar Dodi al-Fayed og bílstjórinn Henri Paul deyja í bílslysi í París.

■ **4. september 1997:** Á meðan blómvendir flæða umhverfis heimili Díönu í London lætur drottningin undan þrýstingi almennings og tekur þátt í sorginni.

■ **6. september 1997:** Þúsundir streyma út á götu þegar útför Díönu fer fram í Westminster Abbey. Hún er síðan borin til grafar á eyju í stöðuvatni á fornri landareign Spencer-ættarinnar.

■ **1. júlí 1961:** Diana Frances Spencer fædd. Foreldrar hennar skilja þegar hún er sex ára gömul.



■ **29. júlí 1981:** Um það bil 750 milljónir sjónvarpsáhorfenda um víða veröld fylgjast með konunglegu brúðkaupi í beinni útsendingu.

■ **21. júní 1982:** Vilhjálmur prins fæddur.

■ **15. september 1984:** Harry prins fæddur.

■ **Apríl 1987:** Diana heilsar AIDS-sjúklingi með handabandi. Augnablik sem markar þáttaskil í baráttunni gegn óttanum við sjúkdóminn.



■ **1994-1995:** Karl og Diana viðurkenna bæði opinberlega að hafa staðið í framhjáaldi. Drottningin hvetur hjónin til að skilja eftir að Diana gefur í skyn að Karl sé ekki heppilegt konungsefni.



■ **24. febrúar 1981:** Tilkynnt um trúlofun Karls prins og lafði Díönu Spencer.



H2 Rafmagnsborð

Stærðin skiptir ekki máli

EITT VERÐ

84.900 kr.



Færst upp og niður



Tíma áminning



3 minnisstillingar



Skjár sem sýnir hæðina



Hægt að stilla
lægstu og hæstu hæð



Árekstrar og veltivörn



Barnalæsing

5 ára
ábyrgð

Breiddir: 120-140-160-180-200 cm og dýptin ýmist 70 eða 80 cm

Borðplötur á lager í öllum stærðum í hvítu, svörtu, eik og beyki

Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

Fæturnir eru með tveimur mótórum,

stillanlegri hæð frá 63 cm - 128 cm og 5 ára ábyrgð

Skrifborðsstóll



Enjoy Classic

TILBOÐSVERÐ
124.800 kr.

LISTAVERÐ
179.900 kr.

Stóllinn kemur með
örmum og höfuðpúða

Soft skilrúm 35% afsláttur



Margar stærðir
og mikið magn
til á lager

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Fegurðardrottningin finnur fyrir slúðrinu

Verzlunarskólaneminn Hrafnhildur Haraldsdóttir, nýkrýnd Miss Universe Iceland, er enn að reyna að ná áttum og segir stuðning skólafélaganna hafa verið henni mikilvægur þótt hún finni einnig fyrir slúðri menntaskólaáranna.

odduraevar@frettabladid.is

Hrafnhildur Haraldsdóttir var krýnd Miss Universe Iceland í síðustu viku og hún segist enn vera að reyna að ná áttum. „Þegar úrslitin voru tilkynnt leið mér eins og mig væri að dreyma. Ég áttaði mig engan veginn á þessu og tilfinningarnar voru bókstaflega úti um allt,“ segir fegurðardrottningin.

„Ég er enn þá að reyna að ná áttum en ég er aðallega ótrúlega spennt fyrir komandi tímum og svo rosalega hamingjusöm með allar yndislegu kveðjurnar og stuðninginn sem ég er búin að fá,“ segir Hrafnhildur og bætir við að hún voni innilega að hún muni gera alla stolta af sér þegar kemur að því að stíga á svið í stóru Miss Universe-keppninni.

Alltaf langað að keppa

Hrafnhildur segist aðspurð ekki hafa skráð sig í keppnina með sigur sem markmið. „Nei, í raun ekki. Mig hefur alltaf langað til að keppa í svona keppni og alltaf lítið mikið upp til þeirra sem vinna. Eftir að ég fór í keppnina sá ég hvað það voru margar gullfallegar og yndislegar stelpur með mér í þessu og þá ákvað ég bara að njóta og skemmta mér þetta sumar.“

Hún segist ekki geta lýst því með orðum hversu spennt hún er fyrir aðalkeppninni og hún geti hreinlega ekki beðið eftir því sem er fram undan hjá henni sem Miss Universe Iceland.

Hvernig líst foreldrum þínum á að þú sért orðin Miss Universe Iceland?

„Þau eru hreinlega orðlaus en auðvitað ótrúlega hamingjusöm, stolt og spennt að sjá hvert hlutirnir fara.“

Mikið slúðrað

Hrafnhildur, sem er átján ára, skráði sig til leiks um leið og hún hafði aldur til en þátttökurétturinn er bundinn við aldursbilið frá 18 til 28 ára.

„Ég er enn þá að reyna að klára



Hrafnhildur Haraldsdóttir er eins ung og Miss Universe Iceland getur verið, átján ára, og hefði vel getað hugsað sér að vera aðeins eldri en er þess þó fullviss að titillinn og reynslan muni hafa góð áhrif á hana. **MYND/ADSEND**



Ég held að þetta muni bara hafa góð áhrif á mig til framtíðar.

menntaskóla þannig að já, ég held að þetta sé aðeins öðruvísi reynsla að vera svona ung. Það er mikið af slúðri í gangi á menntaskólaaldri.

Ég hef ég alveg fundið fyrir því og hef alveg óskað þess að vera aðeins

eldri og vera komin upp úr þessu menntaskólalúðri. Hins vegar er ég enn að þroskast og held að þetta muni bara hafa góð áhrif á mig til framtíðar.“

Hrafnhildur tók við titlinum á miðvikudagskvöldi og tók sér smá frí frá skólanum enda hélt rússíbanareidinn áfram. „Ég fór ekki í skólann fyrr en mánudaginn eftir keppnina því dagarnir eftir keppnina voru rosalega krefjandi og mikið að gera, sem er auðvitað bara skemmtilegt og mikil reynsla.“

Hvað sögðu skólafélagarnir um sigurinn?

„Skólafélagarnir hafa verið mínir helstu stuðningsmenn og ég er alveg ofboðslega þakklát. Sérstaklega fyrir yndislega bekkjarfélaga mína.“ ■

Töfrandi fyrirlestur fyrir galdrafólk

toti@frettabladid.is

Brasilíski töframaðurinn Bernardo Sedlacek heldur fyrirlestur hjá Hinu íslenska töframannagildi í dag og er sannkallaður aúfúsugestur enda talinn með þeim allra bestu á heimsvísu.

„Það verður hlustað af virkilega mikilli andakt, held ég. Hann er kominn á það stig að menn hafa áhuga á því sem hann hefur fram að færa,“ segir Gunnar Kr. Sigurjónsson, forseti Hins íslenska töframannagildis, um Bernardo sem hella mun úr skálum visku sinnar og reynslu.

Gunnar segir Bernardo meðal annars hafa komið með nýjar sálfræðilega viddir og ýmislegt annað inn í töfrabrögðin sem hann hefur



Bernardo Sedlacek, töframaður

tileinkað sér og kennir öðrum að nota.

„Hann hefur í gegnum árin lært hjá þeim albestu í heimi og fyrrverandi heimsmeistarar í töfrabrögðum hafa verið að kenna honum og þjálfar hann upp,“ segir Gunnar sem hitti Bernardo stuttlega í ágúst-byrjun þegar hann var meðal 3.500 töframanna á alheimsmóti þeirra í Quebec í Kanada þar sem Bernardo var með fyrirlestur og vinnustofu.

„Það er nefnilega svo skrytið að hann hafði samband við okkur að fyrra bragði vegna þess að hann langaði að koma til Íslands,“ segir Gunnar, hæstánægður með að íslenskir töframenn njóti Íslands-áhuga meistarans með þessu móti.

Gunnar leggur áherslu á að Hið íslenska töframannagildi er áhuga-félag um töfrabrögð og vettvangur þeirra sem hafa áhuga á slíkum fræðum og vilja ef til vill læra meira.

Hann hvetur því áhugasama til að hafa samband, á netfanginu tofrar@toframenn.is fyrir kvöldið í kvöld, vilji þeir komast í tæri við Bernardo, en áreittar þó að fyrirlestur hans séu fyrst og fremst fyrir aðra töframenn þannig að fólk þurfi að hafa eitthvað fyrir sér í fræðunum til þess að eiga þangað erindi. ■

FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólk í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

KFC

OFURSTINN

ÞAÐ ER BARA EINN

B A C O N
BOSS

BIG ORIGINAL SANDERS SANDWICH

STAKUR

1.599 kr.

Original kjúklingaborgari með beikoni, káli, lauk, osti, piparmæjó og Boss-sósu.



2.099 kr.

MÁLTÍÐ

B.O.S.S. bacon borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Kaffisúkkulaði.

Bakþankar

Láru G.
Sigurðardóttur

Lífið

„Hvað er maðurinn að bardúsa þarna einn inni í skógi?“ hugsaði ég með mér þar sem ég var að taka á rás inn í Heiðmörk. Gleraugnalaus með pírd augu sá ég hvar maðurinn kastaði hnífum í tré. Allir hittu í mark. Ónot mögnuðust innanbrjóst þvi þarna vorum bara við – ég og hnífamaðurinn hittni. Fuglana setti meira að segja hljóða. Áður en ég vissi af var ég orðin móð og mäsandi og gat með engu móti einbeitt mér að lestri dr. Sapolsky sem ég hef í eyrunum þessa dagana. Um miðja leið í náttúruparadisinni var ég farin að kveðja börnin mín og sannfæra mig um að það væri allt í lagi ef þetta væri búíð. Ég hefði lifað góðu lífi. Þegar ég kom svo niður var fleira fólk mætt á svæðið og hnífamaðurinn á bak og burt.

Líkt og annað ímyndunarríkt fólk get ég verið fulldramatísk. Eftir á að hyggja hef ég líklega lesið um of mörg glæpamál í gegnum tíðina og augljóslega enn að burðast með leifar af „me-too“ bagga. En eftirköst dramasenunnar fengu mig til að endurskoða lífið á methraða.

Lífi mínu hafa fylgt erfiðleikar líkt og hjá flestum okkar, enda erfitt að komast hjá þeim nema þegar maður er kominn undir græna torfu. Þegar upp er staðið er ég að vissu leyti þakklát þrautum mínum, því í þeim finnur maður sinn innri styrk. Í dag er mótlæti ósjaldan álitid óheppileg lífsreynsla. Vissulega má laga það sem betur má fara en framtíð án áfalla er tálsýn ein. Innihaldsrikt líf líkist ekki glansmyndum á Instagram, enda yrði það fljótt leiðigjarnt. Því líkt og við kunnum best að meta sólarupprás eftir langan dimman vetur, þá erum við líklega aldrei meira lifandi en þegar við erum minnt á að lífið er ekki sjálfgefið, hvort sem er í raunveruleikanum eða hugarskoti í myndun. ■

Haltu jafnvægi í rekstri

Business Central í áskrift frá**9.900 kr.***
á mánuði

Microsoft Dynamics 365 Business Central er alhliða viðskipta- og bókhaldskerfi í skýinu. Með fjölmörgum viðbótarlausnum útbúum við sérsniðið kerfi sem uppfyllir allar þínar kröfur.

Kynntu þér bókhaldslausnir Wise á wise.is og reiknaðu dæmið.
*Verð miðast við 12 mánaða áskrift og er án vsk.



**pappír
umhverfið
prentun**



LITRÓF
UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is